FRÉTTABLAÐIÐ
235. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. OKTÓBER 2019



Kafarar undirbúa sig við gjána Silfru á Þingvöllum. Forstjóri Heimsminjaskrár UNESCO hefur krafið íslensk yfirvöld um skýringar á starfsemi köfunarfyrirtækja á staðnum enda samrýmast umsvifin ekki stöðu Þingvalla á Heimsminjaskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Telja innviðagjaldið ólögmætt

**Verktakafyrirtæki og SI standa að baki stefnu á hendur Reykjavíkurborg vegna meintra ólögmætra innviðagjalda. Numið milljörðum króna síðustu ár. Lögmaður segir að málið hafi víðtækt fordæmisgildi.**

**STJÓRNSÝSLA** Verktakafyrirtæki í samstarfi við Samtök iðnaðarins (SI) hafa stefnt Reykjavíkurborg vegna meintra ólögmætra innviðagjalda sem borgin hefur innheimt á undanförnum árum í tengslum við uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Fjárhæðirnar sem um ræðir nema mörgum milljörðum króna.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir lagalega óvissu til staðar um lögmæti gjaldsins. „Hagsmunirnir eru miklir enda hefur gjaldið áhrif á byggingarkostnað og hækkar mögulega söluverð nýbygginga. Það eru því ekki síst hagsmunir almennings að úr þessum ágreiningi verði skorið,“ segir Sigurður.

Hann nefnir sem dæmi að innviðagjald á fermetra vegna uppbyggingar í Vogabyggð nemi 23 þúsund krónum sem gera 2,3 milljónir á hverja 100 fermetra íbúð á því svæði. „Í Vogabyggð einni nema innviðagjöld borgarinnar hvorki meira né minna en fimm milljörðum.“

Innviðagjaldið er enn lagt á uppbyggingarverkefni í borginni og á næstu árum eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar og gæti innheimta innviðagjalds numið milljörðum króna í tengslum við það.

**5**

**milljarðar nema innviðagjöldin vegna Vogabyggðar.**

Einar Hugi Bjarnason, lögmaður hagsmunaaðila, telur einsýnt að málið hafi víðtækt fordæmisgildi.

„Það liggur fyrir – og er ágreiningslaust – að engin lagaheimild er til álagningar innviðagjaldsins en samt sem áður er farið af stað í milljarðaframkvæmdir með tilheyrandi réttaróvissu. Mér finnst þetta raunar með ólíkindum enda hafði borgin borð fyrir báru varðandi gatnagerðargjöldin. Hún hefði getað nýtt lagaheimildir til að leggja á viðbótargatnagerðargjald en kaus að gera það ekki og fara þess í stað þá áhættusömu leið að leggja innviðagjald á lóðarhafa með einkaréttarlegum samningum,“ segir Einar Hugi.

**– hae /** **sjá Markaðinn**

## Áhyggjur vegna gráa listans

**VIÐSKIPTI** Viðmælendur Fréttablaðsins innan bankanna hafa áhyggjur af veru Íslands á gráum lista FATF, framkvæmdahóps um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Enn eru sex atriði ófullnægjandi hjá íslenskum viðskiptabönkum. Mælt var fyrir tveimur frumvörpum á Alþingi í gær sem koma eiga til móts við athugasemdir FATF. **– ab /** **sjá síðu 4**






## Veður



Norðaustan 13-18 norðvestan til með morgninum en annars 8-15. Rigning með köflum, og gránar í fjöll norðaustan- og austanlands, en léttir til um landið suðvestanvert. SJÁ SÍÐU 14

# Hasspípur liggja eins og hráviði

**SAMFÉLAG** Heimatilbúnar hasspípur úr plastflöskum hafa fundist eins og hráviði víða um Norðlingaholtshverfi. Áhyggjufullur íbúi deildi mynd af slíku verkfæri inn á íbúasíðu hverfisins á dögunum og kvaðst hafa rekist á tug slíkra á göngu sinni í Björnslundi í vikunni. Aðrir íbúar kváðust einnig hafa rekið augun í slíkt á öðrum stöðum í hverfinu.



Þorkell Heiðarsson.

„Þetta er áhyggjuefni og eitthvað sem við hyggjumst skoða vel. Svona mál koma því miður reglulega upp en ég held þó að ástandið sé ekki verra í Norðlingaholti en öðrum hverfum borgarinnar,“ segir Þorkell Heiðarsson, formaður nýkjörins íbúaráðs Árbæjar sem Norðlingaholt tilheyrir.

Íbúaráð borgarinnar hafa nýlega tekið aftur til starfa eftir að starfsemin hafði legið niðri í eitt ár meðan starfið var endurhugsað af borgaryfirvöldum. Að sögn Þorkels verður fyrsta verk íbúaráðs Árbæjar að skipuleggja öflugt íbúarölt um hverfin sem tilheyra því og á hann von á að það hefjist fljótlega. „Við viljum frekar kalla þetta íbúarölt en foreldrarölt enda er það verkefni allra íbúa að passa upp á nærumhverfi sitt,“ segir Þorkell. – **bþ**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

## Systur að leik í Eyjum



Litla Grá skoðar ljósmyndara Fréttablaðsins en Litla Hvít fylgist með úr öruggri fjarlægð. Hitastig laugarinnar sem þær dveljast í verður lækkað smátt og smátt á næstu mánuðum til þess að líkja eftir þeim aðstæðum sem bíða systranna í sjókví í Klettsvík í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**Alls var 963 leigusamningum þinglýst í september.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikil fjölgun leigusamninga

**HÚSNÆÐISMÁL** Alls var 963 íbúðarleigusamningum þinglýst í september. Er það 40 prósenta aukning frá ágústmánuði og rúmlega 47 prósenta aukning frá september á síðasta ári samkvæmt tölum Þjóðskrár.

Á höfuðborgarsvæðinu var 647 leigusamningum þinglýst sem er rúmlega 56 prósenta aukning milli ára. Næstflestir voru samningarnir á Norðurlandi, 113 talsins, en mesta aukningin var á Suðurnesjum, 87,5 prósent. Aðeins á Austurlandi fækkaði þinglýstum samningum milli ára. – **sar**

# Litla Grá sögð frökk en Litla Hvít er feimin

**Aðlögun mjaldrasystranna í Eyjum gengur hægt en vel. Reiknað er með að þeim verði sleppt í sjókví í Klettsvík í vor. Systurnar eru duglegar að éta og heilla dag hvern starfsmenn og gesti Þekkingarsetursins í Vestmannaeyjum.**

**SAMFÉLAG** Mjaldrasysturnar Litla Grá og Litla Hvít eru ört að aðlagast nýju lífi sínu í Vestmannaeyjum og braggast vel. Eins og frægt voru systurnar fluttar til landsins í júní í sumar með ærinni fyrirhöfn frá Sjanghæ í Kína.

Þar hafði dýragarðurinn Shang Feng Ocean World hafði verið heimkynni þeirra í áratug eða allt frá því að þær voru handsamaðar í rússneskri lögsögu og hnepptar í ánauð.

„Aðlögunarferli þeirra hefur gengið aðeins hægar en við ætluðum en allt hefur þó gengið vel. Systurnar eru duglegar að éta og þeim virðist líða mjög vel. Við erum smátt og smátt byrjuð að kæla vatnið þeirra svo það líkist sem mest því sem þær eiga í vændum í Klettsvík,“ segir Audrey Padgett, starfsmaður Sea Life-sjóðsins og talsmaður verkefnisins hér á landi.

Að sögn Audrey reiknar hún með því að mjöldrunum verði sleppt í hina sérútbúnu sjókví á vormánuðum 2020 en upphaflega var gert ráð fyrir að það myndi gerast í september á þessu ári. „Þær áætlanir gerðu ráð fyrir að hvalirnir yrðu komnir til landsins í apríl en því seinkaði um nokkra mánuði. Við munum því ekki hætta á að sleppa hvölunum í kvína í vetur heldur bíða til vors þegar veðrið verður betra. Velferð hvalanna er algjört lykilatriði í starfi okkar og því munum við ekki ana að neinu,“ segir hún.

Að hennar sögn hefur ferlið verið afar lærdómsríkt og mun nýtast vel við næstu verkefni. „Við reiknum með að þetta verkefni verði hið fyrsta af mörgum slíkum,“ segir hún. Návígi Audrey við þessar tignarlegu skepnur er mikið og aðspurð segir hún fólk átta sig fljótt á að





**Mjaldrasysturnar braggast vel og eru duglegar að éta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

> **Litla Grá er mun frakkari og forvitnari. Hún vill helst vera miðpunktur athyglinnar. Litla Hvít er meira til baka og vill fylgjast með úr hæfilegri fjarlægð.**
>
> Audrey Padgett, starfsmaður Sea Life-sjóðsins og talsmaður verkefnisins hér á landi

systurnar eru gjörólíkar að skapgerð. „Litla Grá er mun frakkari og forvitnari. Hún vill helst vera miðpunktur athyglinnar. Litla Hvít er meira til baka og vill fylgjast með úr hæfilegri fjarlægð,“ segir Audrey.

Audrey hefur dvalið í Vestmannaeyjum síðan í sumar og hlær dátt þegar blaðamaður spyr hana um hvernig hennar eigin aðlögun gangi. „Vestmannaeyingar hafa tekið mér afar vel. Þetta er stórkostlegur staður sem ég er heppin að fá að upplifa,“ segir Audrey og minnist sérstaklega á þátttöku sína í árlegum pysjubjörgunaraðgerðum. „Það var frábært ævintýri sem ég mun aldrei gleyma,“ segir hún.

**bjornth@frettabladid.is**

ÚTSALA - ÚTSALA
50% Afsláttur af myndlistarvörum
Olíulitir, vatnslitir, akrýlitir, penslar, spaðar, pappír o.fl o.fl. o.fl.



Opið 8 - 16
LISTALAGERINN JÁRN & GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is







# Kafað í Silfru

Fjöldi fyrirtækja býður upp á köfunarferðir í Silfru á Þingvöllum. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með þegar viðskiptavinir voru gerðir klárir fyrir gjána.









# HAPPY BIRTHDAY JOHN AND SEAN!

John, you are still with us and giving us
wisdom and happiness when it's much needed.

Yoko Ono býður gestum til Viðeyjar að kvöldi 9. október til að vera viðstaddir tendrun Friðarsúlunnar.

Fríar ferðir frá Skarfabakka frá kl. 17.30.

Ljósið verður tendrað kl. 20.00.

Yoko Ono invites you to Videy Island to take part in the lighting of IMAGINE PEACE TOWER.

Free ferry from Skarfabakka from 5:30 pm.

The lighting will take place at 8:00 pm.

i ii iii

I love you all,

yoko

IMAGINEPEACE.COM



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Ungmenni flutt á sjúkrahús eftir að hafa reykt kannabisvökva með rafrettu** Sigvaldi Arnar Lárusson varðstjóri varar við að börn niður í 13 ára reyki rafrettur og blandi kannabisvökva í annan rafrettuvökva til að fela lyktina.

**2 Sjö ára fangelsi fyrir að nauðga syni sínum: Hótað með byssu og hníf** Ofbeldi mannsins gegn drengnum átti sér yfirleitt stað á svokölluðum „pabbahelgum“.

**3 Mótmæla því að börn séu neydd til að umgangast ofbeldismenn** Hreyfingunni Líf án ofbeldis var hrundið af stað vegna endurtekinna úrskurða í umgengnismálum þar sem börn eru skikkuð í umgengni við gerendur sína, barnaníðinga og ofbeldismenn.

**4 Skipstjóri sýndi snarræði í öldugangi við Þorlákshöfn** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði skipstjórinn áður hleypt Herjólfi á undan sér inn í höfnina.

**5 Stærðarinnar hvalreki í Þorlákshöfn** Einar Guðbjartsson, annar eigandi fjórhjólaleigunnar Black Beach Tours, gekk fram á stærðarinnar hvalreka í fjörunni.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

## Una í ritara Vinstri grænna

**STJÓRNMÁL** Una Hildardóttir hefur ákveðið að bjóða sig fram í embætti ritara Vinstri grænna á komandi landsfundi flokksins. Una hefur síðastliðin fjögur ár gegnt embætti gjaldkera og er í dag formaður Landssambands ungmennafélaga.

„Mér hefur alltaf fundist það mikilvægt að við sem störfum í stjórnmálunum festum okkur ekki í einstöku hlutverki í of langan tíma,“ segir Una í tilkynningu á vef VG.

Á mánudag tilkynnti Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra að hann hygðist gefa kost á sér í varaformannsstöðuna. **– fbl**



Ísland gæti endað á lista FATF yfir áhættusöm þriðju lönd þar sem ríki á borð við Afghanistan, Írak, Jemen og Úganda eru. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Bankamenn hafa áhyggjur af veru Íslands á gráum lista

**Líkur eru á því að Ísland lendi á gráum lista þar sem ekki hafi verið gripið til fullnægjandi aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á síðasta ári var bent á 51 ágalla hér á landi þegar kemur að þessum málum en sex þeirra eru enn þá til staðar. Lagfæringum er nú hraðað í gegnum Alþingi.**

**VIÐSKIPTI** Viðmælendur Fréttablaðsins innan viðskiptabankanna hafa talsverðar áhyggjur af veru Íslands á svokölluðum gráum lista alþjóðlega framkvæmdahópsins FATF. Telja þeir bankana hafa farið í mikla vinnu og gert allt sem í þeirra valdi stendur, einnig gagnvart erlendum bönkum, til að uppfylla kröfur um varnir gegn peningaþvætti. Í skýrslu FATF frá því í fyrra var talið upp 51 atriði sem stæði út af.

Fram kemur í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu frá því á sunnudag að sérfræðingahópur FATF telur að enn standi út af sex atriði sem geti leitt til þess að umbætur Íslands varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði ekki taldar fullnægjandi.

Ef það verður niðurstaðan fer Ísland á lista yfir svokölluð áhættusöm þriðju lönd þar sem aðgerðaáætlun er í farvegi. Á listanum má finna lönd á borð við Afganistan, Jemen, Írak og Úganda. Hyggjast stjórnvöld kappkosta að það verði aðeins til skamms tíma, þá fram á næsta ár. Hafa bankar nú þegar rætt við erlenda banka sem telja áhrifin óveruleg á núverandi viðskipti, en það gæti aukið flækju við að stofna til nýrra viðskipta ef Ísland er á listanum. Þá sé ótímabært að ræða hvað slíkt gæti á endanum kostað.

Stjórnvöld og ráðgjafar þeirra telja möguleg áhrif óveruleg og er talið að veran á listanum hafi hvorki bein áhrif á almenning né fjármálastöðugleika á Íslandi. Fjármálaeftirlitið deilir þeirri skoðun ráðuneytisins að unnið hafi verið vel að því að leysa úr öllum atriðunum.

Í bréfi stjórnvalda til bankastjóra viðskiptabankanna sem sent var á fimmtudag í síðustu viku segir að taldar séu verulegar líkur á því að Ísland lendi á listanum. Bankarnir eigi því að búa sig undir þá niðurstöðu og haga undirbúningi sínum í samræmi við það. Unnið sé hins vegar að því á öllum stöðum innan stjórnkerfisins að koma í veg fyrir þessa niðurstöðu.

Mælt var fyrir tveimur frumvörpum á Alþingi í gær sem koma eiga til móts við athugasemdir FATF. Er þar annars vegar um að ræða frumvarp sem snýr að sölu haldlagðra kyrrsettra eigna og muna en hins vegar frumvarp um skráningarskyldu félaga til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og þann mikla flýti sem einkenndi málin. Vonir ríkisstjórnarinnar standa til að frumvörpin verði afgreidd með hraði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir því að frumvörpin tvö verði að lögum í dag eða á morgun.
**arib@frettabladid.is**

### Sex atriði sem þarf að laga:

1. Stjórnvöld hafa ekki tímanlegan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um raunverulega eigendur.
2. Ljúka þarf innleiðingu á nýju upplýsingakerfi hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu til að taka á móti tilkynningum um grunsamlegar færslur.
3. Starfsmannafjöldi miðað við umfang tilkynninga hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er ófullnægjandi.
4. Ljúka þarf reglugerð, sem Alþingi þarf að veita lagastoð, um meðhöndlun og vörslu haldlagðra, kyrrsettra og upptekinna fjármuna.
5. Eftirlitsaðilar þurfa að tryggja með vettvangsathugunum að tilkynningarskyldir aðilar fari að lögum um frystingu fjármuna.
6. Innleiða þarf í lög skilvirka yfirsýn yfir starfsemi almannaheillafélaga, sér í lagi hvað varðar þau almannaheillafélög sem geta verið viðkvæm fyrir misnotkun í tengslum við fjármögnun hryðjuverka.






# UNESCO spyr líka um Gjábakkaveg

**UMHVERFISMÁL** Mechtild Rössler, aðalframkvæmdastjóri Heimsminjaskrifstofu UNESCO, segir ráðgefandi stofnanir harma að endurnýjun Gjábakkavegar á Þingvelli hafi ekki farið í umhverfismat.

Þetta kemur fram í bréfi Rössler til íslenskra stjórnvalda. Segir hún að Alþjóðaráðið um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) og Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (IUCN) harmi að ekki hafi verið lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið og á heimsminjar. Þá skorti heildaráætlun um umferð.

„Að auki þá gæti framkvæmdin við Gjábakkaveg til lengri tíma litið leitt til hættu á mengun vatnsins í Þingvallavatni,“ skrifar Rössler.

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir stækkun Gjábakkavegar einmitt leiða til minni hættu á að mengun berist í Þingvallavatn. Umferð í gegn um þjóðgarðinn fari nú öll um Gjábakkaveg því veginum við vatnið hafi verið breytt í botnlanga.



**Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Varðandi mat á umhverfisáhrifum segir Einar að það hafi upphaflega verið sett í lögformlegt ferli af Vegagerðinni. „Það voru eiginlega allar stofnanir sem sögðu þetta þannig framkvæmd að hún þyrfti ekki að fara í fullt umhverfismat,“ segir hann. Þetta verði útskýrt fyrir UNESCO. „Það örlar á misskilningi í bréfinu hjá þeim og þarna eru atriði sem þarf að skýra betur.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Heimsminjaskrifstofan nú einnig til skoðunar kvörtun vegna starfsemi köfunarfyrirtækja í Silfru. Einar segist ekki óttast að þau umsvif ógni stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá. Hann bendir meðal annars á að aðeins sé leyft að kafa í tveimur gjám á Þingvöllum og með ströngum skilyrðum. Þetta og fleira verði útskýrt í svari til Heimsminjaskrifstofunnar auk þess sem ýmislegt í kvörtunarbréfinu verði leiðrétt.

„Tilfinning mín er að það verði hægt að skýra þessa starfsemi ágætlega fyrir Heimsminjaskrifstofunni,“ segir þjóðgarðsvörður. **– gar**


Sýnum lit
og styðjum
gott málefni!
Í dag, 9. október, renna 2 kr. af öllum seldum eldsneytislítrum hjá Orkunni til Bleiku slaufunnar, óháð greiðslumáta. Viðskiptavinir fá einnig 17 kr. afslátt* þegar greitt er með kortum eða lyklum Orkunnar eða staðgreiðslukorti Skeljungs.
Sæktu um Orkulykil Bleiku slaufunnar á orkan.is. Þannig styrkir þú Bleiku slaufuna, allan ársins hring.
ORKAN
Brandenburg | SÍA
Orkan styrkir Bleiku slaufuna
+2 kr.
af hverjum seldum lítra renna beint til Bleiku slaufunnar óháð greiðslumáta.
-17 kr.
afsláttur í dag af hverjum lítra ef greitt er með lykli eða korti Orkunnar.
*17 kr. afslátturinn bætist ekki við annan afslátt og gildir einungis fyrir kort/lykla Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungs. Afslátturinn gildir ekki á Orkunni Hraunbæ, Dalvegi og Reykjavíkurvegi.



**Johnson kennir Evrópusambandinu um.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Átök á tvennum vígstöðvum

**BRETLAND** Eins og búist var við tóku leiðtogar Evrópusambandsríkjanna fálega í tillögur Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, um útgöngusamning. Samning sem hann hefur kallað lokaboð. Heimildarmaður innan Downingstrætis 10 varð vitni að háværarifrildi Johnsons og Angelu Merkel Þýskalandskanslara í gegnum síma, þar sem landamæri Norður-Írlands voru enn einu sinni ásteytingarsteinninn.

Stjórn Johnsons og Evrópusambandið keppast nú við að klína sökinni hvort á annað. Andstæðingar Johnsons heima fyrir halda því fram að engin alvara hafi verið að baki tilboðinu og bak við tjöldin sé unnið að samningslausri útgöngu. Þetta hafi verið augljóst eftir að DUP, flokkur sambandssinna á Norður-Írlandi, og öfgafullir útgöngusinnar í Íhaldsflokknum tóku vel í tilboðið.

Á meðan er tekist á um Benn-löggjöfina svokölluðu í dómsölum Skotlands, sem skylda á Johnson til að sækja um frest. Fyrir helgi vísaði dómari frá beiðni Joönnu Cherry, þingmanns Skoska þjóðarflokksins og tveggja forstjóra, um að þvinga Johnson til að fylgja löggjöfinni. Treysta yrði loforðum stjórnarinnar um að halda lögin. Í gær var tekist á um hvort dómstólarnir sjálfir gætu tekið fram fyrir hendurnar á Johnson, og sent beiðni um útgöngufrest ef hann gerði það ekki þann 19. október. – khg



**Kúrdar í Rojava, Sýrlandi í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Kúrdar lifa í mikilli óvissu

**SÝRLAND** Kúrdar í Rojava í norðausturhluta Sýrlands lifa í mikilli óvissu eftir vendingar undanfarinna daga. Erdogan Tyrklandsforseti er sem fyrr vígreifur en Trump er meir hikandi með fyrri ákvörðun um að draga herlið frá svæðinu.

„Fólkið hérna er örvæntingarfullt, en lífið heldur áfram,“ sagði Ghazi Ali, kúrdískur bílstjóri, en jafnframt að enn gengi öll bílaumferð sinn vanagang. „Allir eru að bíða eftir að sjá hvað gerist.“

Talið er að um leið og Bandaríkjaher yfirgefi svæðið muni Tyrkir gera árás.

„Í gær hélt Erdogan að hann gæti gert hvað sem er, en síðan vaknaði hann upp við nýjan veruleika,“ sagði vongóður kúrdískur sölumaður í bænum Qamishi. „Kannski yfirgefa Bandaríkjamenn okkur ekki.“

Þeir staðir þar sem ókyrrðin er þegar byrjuð að hafa áþreifanleg áhrif eru fangabúðirnar þar sem ISIS-liðar eru geymdir. „Ástandið er mjög óstöðugt,“ sagði embættismaður á staðnum því árásum ISIS-liða á fangaverðina hefði fjölgað til muna. – khg

## Þrír deila Nóbelsverðlaunum í eðlisfræði 2019




**Fulltrúar Konunglegu sænsku vísindaakademíunnar tilkynntu í Stokkhólmi í Svíþjóð í gær hverjir hlytu Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði 2019. Þrír vísindamenn deila verðlaununum fyrir tvær ólíkar uppgötvanir: Svissnesku stjörnufræðingarnir Michel Mayor og Didier Queloz fyrir uppgötvun á fyrstu fjarreikistjörnunni og James Peeble fyrir rannsóknir á eðli alheimsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Utanríkisráðherra upplýsi um öll samskipti við Bandaríkin

Formaður Samfylkingarinnar óskar eftir yfirliti yfir öll samskipti utanríkisráðherra við ráðherra og embættismenn bandaríska yfirvalda. Hann segir samskipti Bandaríkjanna við umheiminn komin í þannig farveg að eðlilegt sé að utanríkismálanefnd Alþingis sé haldið upplýstri um samskipti ríkjanna.

**UTANRÍKISMÁL** Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram beiðni til utanríkismálanefndar um að óskað verði eftir yfirliti um efni allra funda og samtala sem utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur átt við ráðherra Bandaríkjastjórnar og aðra embættismenn bandaríska stjórnvalda frá 1. janúar 2018 til dagsins í dag.

„Vegna þess í hvaða farveg samskipti Bandaríkjaforseta við önnur ríki eru komin finnst mér full ástæða til að utanríkisráðherra upplýsi um þau samskipti sem hann hefur átt við Bandaríkjastjórn á undanförnum misserum,“ segir Logi.

Vísar Logi fyrst og fremst til þeirrar rannsóknar sem Bandaríkjaþing hefur hafið á meintum embættisbrotum forsetans í samskiptum við forseta Úkraínu en háttalag forsetans í samskiptum við umheiminn almennt skipti auðvitað máli. Inngrip og afskipti Rússa af forsetakosningum í Bandaríkjunum árið 2016 og meint aðkoma og vitund náinna samstarfsmanna Trumps þar um hafi auðvitað verið til rannsóknar í hátt á þriðja ár. Þá hafi forsetinn ítrekað lýst jákvæðu viðhorfi sínu til einræðisherra Norður-Kóreu, Kim Jong-un, með óskum um að honum sjálfum verði sýnd sambærileg virðing heima fyrir. Þjóðarleiðtogar fjölda ríkja hafi þurft að svara fyrir furðulegar fullyrðingar Bandaríkjaforseta um hitt og þetta, þar á meðal um áhuga hans á að eignast Grænland.

Logi hefur þegar óskað eftir að utanríkisráðherra komi á fund nefndarinnar vegna þeirrar ákvörðunar Trumps að draga Bandaríkjaher frá Norður-Sýrlandi og landamærum Tyrklands sem forseti Bandaríkjanna virðist hafa tekið án nokkurs samráðs við önnur varnarmálayfirvöld Bandaríkjanna og helstu samstarfsríki Bandaríkjanna á sviði varnarmála.



**Utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna Guðlaugur Þór Þórðarson og Mike Pompeo funduðu tvisvar snemma á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort þetta er rétti tímapunkturinn til að auka samskiptin.**



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

„Það eru ekki aðeins þessi umdeildu samskipti forsetans við önnur ríki sem reka mig til að óska þessara upplýsinga frá utanríkisráðherra heldur sú staðreynd að það er beinlínis stefna ríkisstjórnar Íslands að efla samskipti við Bandaríkin bæði á sviði viðskipta og þjóðaröryggismála,“ segir Logi og bætir við: „Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort þetta er rétti tímapunkturinn til að auka samskiptin með tilliti til þess hver heldur um stjórnartaumana þar.“

Logi segir þessa stöðu gefa utanríkismálanefnd fullt tilefni til að fylgjast nánar með og eðlilegt sé að ráðherra veiti á þessum tímapunkti ítarlegt yfirlit yfir samskipti ríkjanna á undanförnum misserum.

Hann segir þrjá nefndarmenn þegar hafa lýst stuðningi við beiðnina og gerir ráð fyrir að hún verði samþykkt á fundi nefndarinnar í dag. adalheidur@frettabladid.is

## Tíð samskipti ráðherra við ráðamenn vestanhafs

Af dagbók utanríkisráðherra má sjá að auk fjölda fundaferða til Washington og funda með leiðtogum Atlantshafsbandalagsins hefur hann átt tíða fundi með ráðamönnum Bandaríkjanna á kjörtímabilinu. Má þar nefna fundi með aðstoðarráðherrum í bæði utanríkis- og varnarmálaráðuneytum Bandaríkjanna, fundi með Mike Pompeo utanríkisráðherra bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, fund með varnarmálaráðherra Bandaríkjanna og fund með varaforseta Bandaríkjanna hér á landi í síðasta mánuði. Þá átti Guðlaugur fund með Daniel Coats, þá æðsta yfirmanni leyniþjónustumála, hér á landi í júní síðastliðnum.

Á grundvelli samstarfs ríkjanna í varnarmálum eru miklar framkvæmdir í farvatninu á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli.



Rappparið Saweetie og Quavo úr hljómsveitinni Migos mættu vel grilluð á æfingaleik í NBA-deildinni á milli Atlanta Hawks og New Orleans Pelicans í borginni Atlanta í Bandaríkjunum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



Frans páfi slær á létta strengi á kirkjuþingi í Vatíkaninu í gær. Efnt var til sérstaks kirkjuþings til að ræða stöðu kaþólsku kirkjunnar á Amasonsvæðinu og áherslu kirkjunnar á umhverfismál. NORDICPHOTOS/GETTY



Donald Trump Bandaríkjaforseti ræddi í gær við fjölmiðla eftir fund með herforingjum og ráðunautum. Trump ræddi umdeildan flutning Bandarísks herliðs frá svæðum Kúrda í norðurhluta Sýrlands sem og Úkraínumálið sem komið hefur honum í mikil vandræði heima fyrir og gæti kostað hann embættið. NORDICPHOTOS/GETTY



Umhverfismótmælendur mættu í gær við stjórnarráðið í Dublin á Írlandi þegar fjármálaráðherrann Paschal Donohoe kynnti fjárlög fyrir árið 2020. Mótmælendurnir telja ekki nóg að gert í loftslagsmálum. NORDICPHOTOS/GETTY



Indverski loftherinn sýndi listir sínar á nýjustu tækjunum og landherinn marseraði á meðan við herstöð í borginni Ghaziabad. Í september kynnti Narendra Modi forsætisráðherra skipulagsbreytingar í hernum, aukna samvinnu herdeilda og nútímavæðingu. NORDICPHOTOS/GETTY




## ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

**Heilslátur**
3 stk
**3.899** kr/pk

**Heilslátur**
5 stk
**5.999** kr/pk

**Heilslátur 3 stk án blóðs**
**3.699** kr/pk

**Heilslátur án blóðs**
5 stk
**5.699** kr/pk

**Frosið heilslátur**
3 stk
**3.999** kr/pk

**Frosið heilslátur**
5 stk
**6.099** kr/pk

**Frosið heilslátur**
3 stk með próteinkeppum og mör
**4.699** kr/kg

**Eistu**
**599** kr/kg

**Dilkanýru**
**399** kr/kg

**Dilkalifur**
**399** kr/kg

**Dilkahjörtu**
**599** kr/kg

**Þindar**
**399** kr/kg

**Blóð**
**229** kr/lítri

**Próteinkeppir**
10 stk
**1.399** kr/pk

**Mör**
**189** kr/kg

**Brytjaður mör**
u.þ.b. 3 kg
**269** kr/kg

**Sviðahausar**
**579** kr/kg

**Kalóneraðar vambir**
3 stk
**1.249** kr/pk

Kringlan

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Allir tapa



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Ríkið féll á prófinu, enn eina ferðina, í liðinni viku. Meintu skattsvikamáli heimsfrægrar hljómsveitar var vísað frá dómi, eftir að hafa velkst um í kerfinu í rúmlega 1.300 daga. Mál, sem er eitt af fjölmörgum af sama meiði og hefur orðið til þess að líf ungs og efnilegs fólks er hreinlega sett í biðstöðu á meðan hver stofnunin á fætur annarri finnur því flest til foráttu, efnir til sífellt nýrra rannsókna, kyrrsetur allar þess eignir, leggur á það tugmilljóna sektir og dregur það að lokum fyrir dómstóla.

Mál Sigur Rósar var rannsakað af þremur embættum; ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og héraðssaksóknara. Rannsóknin stóð yfir í 712 daga, eða þar til ákæra var gefin út. Síðan liðu 622 dagar til viðbótar áður en málið komst loks til kasta dómstóla. Á þessum rúmu þremur árum höfðu meðlimir sveitarinnar unað refsingu ríkisskattstjóra um að greiða rúmlega 70 milljónir króna í sekt en næsta stjórnvaldi fannst það ekki nóg og vildi þá bak við lás og slá.

Ítrekað hefur verið bent á að þessi margfalda málsmeðferð er andstæð lögum og gengur í berhögg við Mannréttindasáttmála Evrópu. Þrátt fyrir hvern áfellisdóminn á fætur öðrum þráast íslensk stjórnvöld við að viðurkenna eigin mistök á meðan aðrar þjóðir á borð við Finna, Norðmenn og Svía hafa fyrir löngu breytt fyrirkomulagi sínu á meðferð skattrannsóknarmála með góðum árangri.

„Ég hef engan hitt, hvorki verjanda, sækjanda, né dómara, sem telur að þetta sé í lagi," sagði Guðjón St. Marteinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, í þingfestingu sem blaðamaður Fréttablaðsins sat nýverið, þar sem meðferð skattamála var til umræðu.

Þessir ágallar á kerfinu leiða til þess að mál verða aldrei leidd almennilega til lykta og engin niðurstaða fæst í þau. Það einfaldlega tekur því ekki að dæma í þeim enda samræmist meðferð þeirra ekki lögum og er vísað frá jafnharðan. Þetta eru ágallar sem ríkinu hefur verið bent á árum saman, hvort sem er af ráðherrum, embættismönnum, dómurum, skattrannsóknarstjóra eða lögmönnum, og ágallar sem leiða til þess að ríkið brýtur á fólki og þarf síðan að borga því bætur eftir áralanga þrautagöngu þess í gegnum úrelt réttarkerfið.

Þeir sem koma að þessum málum verða að vita að þeir eru með lífsgæði fólks í höndum sér. Sá sem bíður niðurstöðu dómstóla milli vonar og ótta þarf oft að líða óþarfar vítiskvalir vegna seinagangs í réttarkerfinu, sem er ólíðandi og oft og tíðum, líkt og raun hefur borið vitni, með öllu óþarft.

Þessi tregða við að fylgja dómum Mannréttindadómstólsins hefur ekkert upp á sig. Ávinningurinn er enginn og allir tapa. Hættum að gera sömu mistökin aftur og aftur – það borgar sig.

> **Þessir ágallar á kerfinu leiða til þess að mál verða aldrei leidd almennilega til lykta og engin niðurstaða fæst í þau.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Framsókn, flokkur djammara**

**Staða Framsóknar í könnunum undanfarið knýr flokkinn til að leita á ný mið. Sigurður Ingi greindi frá því að Uber gæti verið á leið til landsins. Þetta er bráðsnjallt því að eini hópurinn sem er á móti Uber eru leigubílstjórar, og þeir kjósa allir Miðflokkinn. Þeir sem gleðjast mest eru djammarar, sem hafa um áraraðir mátt bíða klukkutímum saman í leigubílaröðinni, illa klæddir í nístingskulda. Þegar þeir loksins fá bíl þurfa þeir að punga út 6 þúsund kalli til að komast suður í Hafnarfjörð eða 8 þúsund upp í Mosó. Djammarar munu muna eftir Sigurði Inga og Framsókn næst þegar þeir ganga inn í kjörklefann.**

**Fréttir af frímúrurum**

**Nýr stórmeistari Frímúrarareglunnar var kynntur í gær en það er Kristján Þórðarson augnlæknir. Hann tekur við stöðunni af Vali Valssyni sem hefur setið síðan 2007. Undanfarið hafa Frímúrarar leiðrétt þann misskilning sem ríkir um að reglan sé leyndarklúbbur auðmanna sem stýri samfélaginu með vélabrögðum. Þetta sé karlaklúbbur sem snúist um góðgerðarmál og náungakærleika. Innsetning Kristjáns mun fara fram í Frímúrarahúsinu við Bríetartún þann 26. október og í kjölfarið verður veislustúka þar sem geit verður fórnað guðinum Baal.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Saman til sjálfbærni



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Vart líður sá dagur að við fáum ekki nýjar fréttir af þeim miklu umhverfisbreytingum sem eiga sér stað á norðurslóðum vegna hlýnandi loftslags. Ljóst er að þær munu hafa víðtæk áhrif á samfélög á svæðinu og á möguleika þeirra til að vaxa og dafna. Samstarf ríkja á norðurslóðum beinir sjónum að mikilvægi þess að auka þekkingu á umhverfi og samfélögum svæðisins til þess að að auðvelda okkur að bregðast við þessum yfirstandandi og yfirvofandi breytingum.

Sjálfbærni er rauður þráður í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Við leggjum ríka áherslu á samspil samfélags, efnahags og umhverfis. Þekkingaruppbygging síðustu ára í þágu sjálfbærra samfélaga á harðbýlum svæðum varpar ljósi á mikilvægi samvinnu milli stjórnvalda, vísindasamfélags og fyrirtækja.

Við Íslendingar þekkjum kostina sem felast í slíku samstarfi. Mörg smærri samfélög byggja afkomu sína á uppbyggingu þekkingarfyrirtækja við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og hafa þannig skapað sinn framtíðargrundvöll. Í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu nýtum við reynslu íslenskra fyrirtækja á þessum sviðum og höfum komið af stað samstarfsverkefnum aðildarríkja, viðskiptalífs og vísindasamfélags. Ný verkefni ráðsins á sviði blá lífhagkerfisins og endurnýjanlegrar orku eru til dæmis undir forystu Íslands.

Betri aðgangur að auðlindum norðurslóða og aukið ríkjasamstarf leiðir til nýrra viðskiptatækifæra á svæðinu. Sterkir innviðir, ekki síst á sviði samgangna, hafa líka lykilþýðingu en öflugt samband opinberra aðila og einkageirans er forsenda uppbyggingar þeirra. Þess vegna leggur Ísland í formennskutíð sinni áherslu á aukið samstarf ríkja og einkafyrirtækja á norðurslóðum.

Til marks um þetta er fyrsti fundur Norðurskautsráðsins og Efnahagsráðs norðurslóða sem hefst í Reykjavík í dag. Þar koma saman fulltrúar aðildarríkjanna átta, frumbyggjasamtaka og fyrirtækja sem starfa á svæðinu. Markmiðið er skýrt: Að vinna sameiginlega að sjálfbærri efnahagsþróun á norðurslóðum, íbúum svæðisins til hagsbóta. Þannig stöndum við sterkari til að tryggja framtíð þessa mikilvæga heimshluta.

> **Markmiðið er skýrt: Að vinna sameiginlega að sjálfbærri efnahagsþróun á norðurslóðum, íbúum svæðisins til hagsbóta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sjálfbærar rjúpnaveiðar til framtíðar

**Arne Sólmundsson**
verkfræðingur

**Áki Ármann Jónsson**
líffræðingur og formaður SKOTVÍS

Sú lífsskoðun að maðurinn skuli ekki deyða önnur dýr sér til matar heyrist oftar en áður. Og þá óháð þeim aðferðum sem beitt er, hvort sem um er að ræða iðnvædda matvælaframleiðslu eða einstaklinga sem sækja sér sjálfir villibráð í íslenskri náttúru.

Hvort nýta beri dýrastofna er heimspekileg spurning sem ekki verður reynt að svara í þessari grein, en þess í stað verður leitast við að svara spurningunni um það hvernig skuli nýta dýrastofna, rjúpnastofninn nánar tiltekið. Algengt er að þessum spurningum sé blandað saman, sem ekki verður svarað nema umræðan sé aðskilin.

Til að finna leiðir til sjálfbærrar nýtingar dýrastofna er farið eftir vísindalegum rökum. Til að finna svör við siðferðilegum spurningum þurfum við aðra nálgun.

Engin fuglategund hefur verið rannsökuð og vöktuð eins mikið og rjúpan hér á landi, og það með dyggilegum stuðningi og þátttöku veiðimanna. Frá 1995 hafa veiðimenn lagt til tæpar 200 milljónir til rannsókna á henni. Þekking okkar á stofninum væri ekki svipur hjá sjón ef ekki hefði komið til þetta framlag veiðimanna.

Oftast hefur vel tekist til í veiðistjórnun á rjúpu, ef frá er talin alfriðun á rjúpu 2003-2004 og fækkun veiðidaga eftir það.

Já, fjöldi veiðidaga á rjúpu… smjörklípan sem er búin að afvegaleiða umræðuna í langan tíma, sú goðsögn er einfaldlega röng.

Ráðist var í miklar tilraunir með fjölda leyfilegra veiðidaga árið 2003. Fyrst með friðun 2003/2004 og svo með fækkun veiðidaga úr 69 í þrepum allt niður í 9 daga. Þessar tilraunir skiluðu eftirfarandi niðurstöðum.

Fjöldi veiðimanna er nokkuð jafn milli ára, um 4.000 Íslendingar stunda rjúpnaveiðar, fjöldi sem hefur lítið breyst frá upptöku veiðikortakerfisins 1995. Ef veiðitímabilinu er seinkað um 10-14 daga frá 15. október, samhliða sölubanni og vikan brotin upp til að koma í veg fyrir „útgerð“, þá lækkar heildarafli úr 25% í 10% af hauststofni. Þessi aðgerð er áhrifaríkasta aðgerðin til að draga úr fjölda veiddra fugla. Að fyrsta skilyrðinu uppfylltu, skiptir ekki máli hversu marga daga veiðimönnum leyfist að veiða, þeir munu upp til hópa einungis sækja tæplega 4 daga (að meðaltali). M.v. 10% heildarafla af hauststofni, þá er þáttur veiða 1,1-2,5% af heildarvetrarafföllum (sem í heildina eru 78-89%) og hefur aldrei haft áhrif á náttúrulegar sveiflur rjúpnastofnsins. Svigrúmið til aukinna veiða hefur þó farið minnkandi út af minni nýliðun, en áður gat nýliðunin staðið undir 25% heildarafla af hauststofni. Veiðistjórnunarmarkmiðið er því að halda aflatölum innan 10-15% marka, þ.e. að veiðarnar hafi ekki áhrif á náttúrulegar sveiflur. Veiðarnar virðast mettast við 55.000-58.000 fugla. Leyfður fjöldi veiðidaga hefur engin áhrif á

> **Skotveiðimenn, ábyrgð okkar er mikil. Stundum ábyrgar og hóflegar rjúpnaveiðar í haust.**

þann fjölda daga sem menn ganga til veiða og engin áhrif á meðalveiði pr. veiðimann. Til að hafa áhrif á sókn með takmörkun veiðidaga þyrfti að fara niður fyrir 4 daga.

Sveiflur rjúpnastofnsins eru náttúrulegt fyrirbæri og háðar umhverfisþáttum, áhugavert en ekkert óvenjulegt. Örvænting hreiðrar hins vegar um sig þegar niðursveiflan hefst og þar til botni er náð, áður en uppsveiflan hefst að nýju. Örvænting þessi er afleiðing þekkingarskorts, en góðu fréttirnar eru þær að þekking á rjúpnastofninum hér á landi og áhrifum veiða er bara nokkuð góð og því óþarfi að örvænta um afdrif stofnsins vegna veiða.

Ofangreindar niðurstöður mynda grunninn fyrir aðferðafræðina sem veiðistjórnun rjúpu er nú byggð á. Ráðuneyti, NÍ, UST, SKOTVÍS og Fuglavernd eru sammála um að þessi nálgun stuðli að sjálfbærum veiðum.

Það eru hins vegar aðrir þættir sem vert er að skoða og er lesendum bent á að kynna sér fjórar greinar (rjúpnapistla) um málefnið á www.skotvis.is og mynda sér skoðun á þessu mikilvæga málefni.

Rúpnahámörk áttu sér stað 1955, 1965, 1975, 1986, 1998, 2005, 2010, 2015, 2018. Hámörkin hafa farið lækkandi, þ.e. topparnir eru ekki eins háir og þau ár sem menn vilja gjarnan miða við (1955 og 1986). Meginstýribreyta fyrir sveiflum er afdrif ungfugls á 1. ári (80% hauststofns), sem umpólast reglulega (vegna heilsufarsþátta). Heildarvetrarafföll ungfugls umpólast reglulega úr 78% (uppsveifla) í 89% (niðursveifla). Meginstýribreyta fyrir hámörkum er viðkoma að sumri og fjöldi ára sem afdrif ungfugls er „á réttunni“. Viðkoma að sumri hefur fallið um 20%. Úr 8,2 ungum/hænu (aðdragandi hámarks 1986) í 6,6 unga/hænu (aðdragandi hámarks 2018).

Hauststofn 2018 taldi um 1.000.000 fugla, næstmesta stofnstærð frá 1986. Það sem hefur gerst á undanförnum tveimur áratugum er að 20% lakari viðkoma að sumri gerir út um vonir um að sjá hámörk í líkingu við 1986 (1,5 milljónir fugla), hvað þá 1955 (2 milljónir fugla).

Það athyglisverða við hámarkið 2018 er að í 11 ára aðdraganda hámarksins voru nánast samfelld skilyrði fyrir uppsveiflu (frá 2007) sem dugði samt ekki til að lyfta hámarkinu upp fyrir fyrri hámörk. Skýringin er lægri viðkoma sem hægir á öllu ferlinu. Lægri viðkoma þýðir einfaldlega að stofninn stendur undir lægri afföllum en áður, þ.e. að í stað þess að umpólast (úr niðursveiflu í uppsveiflu og öfugt) við 86% afföll, þá á umpólun sér stað við 82% afföll m.v. núverandi nýliðun. Þetta þýðir að svigrúmið til sjálfbærrar nýtingar hefur minnkað sem þessu nemur.

Þessi vinna sem byggir á nærri 40 ára gagnasafni hefur varpað ljósi á samband rjúpnastofnsins og veiða og hafa veiðimenn haft frumkvæði að samstarfi sem leitast við að rannsaka og upplýsa um raunveruleg áhrif veiða.

Meginskilaboðin eru þessi: Meðan viðkoman var betri á árunum fyrir 2003, var óhætt að veiða 25% af stofninum áður en veiðar fóru að hafa áhrif á náttúrulegar sveiflur. Með lægri viðkomu hefur svigrúmið minnkað og því er ekki lengur í lagi að veiða 25% af stofninum. Með sölubanni til að stemma stigu við magnveiði, hefur tekist að ná hlutfallinu niður í 10%. Miðað við þessar aðstæður er engin hætta á að veiðar hafi áhrif á náttúrulegar sveiflur, sem er meginmarkmiðið.

Stofninn núna í haust er jafnstór stofninum 1998 en þá var ekkert sölubann og leyft var að veiða í 69 daga. Heildarveiðin var 159.188 rjúpur. Þær veiðar höfðu ENGIN áhrif á stofnsveiflu rjúpunnar.

Í ár eru leyfðar veiðar í 22 daga í nóvember og sölubann er á rjúpu, áætluð veiði um 50-60.000 fuglar, lagt er til að veiðar fari ekki uppfyrir 10%, eða 73.000- fugla.

Í lok október mun SKOTVÍS halda opinn rjúpnafund þar sem farið verður yfir talningargögn NÍ, veiðitölur UST og kynnt ferlið sem á sér stað áður en rjúpnaveiðar eru leyfðar. Við hvetjum alla til að mæta á fundinn, taka þátt í umræðunni og vera hluti af því ferli sem stuðlar að sjálfbærum rjúpnaveiðum til framtíðar.

Skotveiðimenn, ábyrgð okkar er mikil. Stundum ábyrgar og hóflegar rjúpnaveiðar í haust.

JAGUAR LAND ROVER

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**RANGE ROVER EVOQUE SE Dynamic**
Nýskr. 6/2017, ekinn 21 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.290.000 kr.**
Rnr. 420219.



**JAGUAR E-PACE First edition**
Nýskr. 6/2018, ekinn 9 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.890.000 kr.**
Rnr. 146112.



**AUDI SQ5 TDI**
Nýskr. 5/2015, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr. 420171.



**PORSCHE CAYENNE S e-hybrid**
Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 9.490.000 kr.**
Rnr. 392121.



**JAGUAR F-PACE R-sport**
Nýskr. 5/2017, ekinn 28 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 146285.



**LAND ROVER Discovery 5 HSE Luxury**
Nýskr. 5/2017, ekinn 32 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.290.000 kr.**
Rnr. 450025 .



**RANGE ROVER Autobiography 3.0 TDV6**
Nýskr. 6/2018, ekinn 26 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 18.990.000 kr.**
Rnr. 420223.



**JAGUAR XJ R-sport**
Nýskr. 9/2018, ekinn 10 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.590.000. kr.**
Rnr. 420230.

ENNEMM / SÍA / NM96168

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

VERÖLD HVÍLDAR
BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI






SERTA ROYALITY HEILSURÚM
25% AFMÆLISAFSLÁTTUR
GILDIR TIL 12. OKTÓBER
VERÐDÆMI
25% AFSLÁTTUR
Serta Royality heilsurúm, 160 x 200 cm dýna, comforbotn og fætur
213.540 kr. AFMÆLISTILBOÐ
Fullt verð: 284.720 kr.
Aukahlutur á mynd: Höfuðgafl.



ÖLL SÆNGURFÖT
25% AFMÆLISAFSLÁTTUR
GILDIR TIL 12. OKTÓBER
CALVIN KLEIN RÚMFÖT
Þú finnur ekki mýkri eða þægilegri rúmföt. Koddaver + sængurver.
VERÐDÆMI:
19.350 kr. AFMÆLISTILBOÐ
Fullt verð: 25.800 kr.
Calvin Klein home

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

MARKAÐURINN
Viðskiptafréttir sem skipta máli



Íslensku stelpurnar áttu ekki í vandræðum með ákaflega slakt lið Letta í gærkvöldi. MYND/FÓTBOLTI.NET

# Landsliðsþjálfarinn fékk rautt í stórsigri

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu sigraði slakt lið Letta 6-0 í undankeppni Evrópumótsins. Jón Þór Hauksson landsliðsþjálfari fékk rautt spjald.**

**Undankeppni EM ‘21**

| Lettland | 0 - 6 | Ísland |
|---|---|---|

**Byrjunarlið Íslands (4-5-1): Sandra Sigurðardóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Sif Atladóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir, Hlín Eiríksdóttir (Margrét Lára Viðarsdóttir 69), Dagný Brynjarsdóttir (Rakel Hönnudóttir 68), Sara Björk Gunnarsdóttir, Alexandra Jóhannsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Elín Metta Jensen (Berglind Björg Þorvaldsdóttir 74).**

**FÓTBOLTI** Leikur Íslands og Lettlands á Liepaja-vellinum í gær fer seint í sögubækurnar fyrir stórkostlegan fótbolta enda voru aðstæður eins og þær verða verstar. Völlurinn var þungur eftir miklar rigningar undanfarið og lúmskur vindur. Þó fylgdi íslenska liðið leikplani landsliðsþjálfarans og hélt breiddinni vel. Þrumaði boltanum fyrir í gríð og erg sem skapaði hættu nánast við hverja fyrirgjöf. Fanndís Friðriksdóttir skoraði fyrsta markið á 17. mínútu eftir fyrirgjöf Gunnhildar Yrsu. Dagný Brynjarsdóttir tvöfaldaði forustuna á 29. mínútu þar sem hún var alein og yfirgefin á fjærsvæðinu. Síðasta mark fyrri hálfleiksins var sprellimark Mariju Ibragimovu markvarðar eftir hornspyrnu Fanndísar. Til marks um yfirburði Íslands í fyrri hálfleik kom Sandra Sigurðardóttir markvörður varla við boltann og ekkert fyrstu 20 mínúturnar.

Síðari hálfleikurinn var varla farinn af stað þegar Elín Metta skoraði sitt 14. landsliðsmark eftir klaufagang í vörn heimakvenna. Elín Metta var að jafna Olgu Færseth yfir flest mörk fyrir Ísland og eru þær í 10. sæti. Alexandra Jóhannsdóttir skoraði fimmta markið en þetta var fyrsta mark hennar fyrir Íslands hönd. Markadrottningin Margrét Lára setti svo punktinn yfir i-ið með marki á 94. mínútu.

Getu- og gæðamunurinn á þessum tveimur liðum var afskaplega mikill og trúlega hefði sigurinn getað orðið stærri. Færin sem fóru forgörðum voru þannig að eitt til tvö, jafnvel þrjú mörk til viðbótar hefði ekkert endilega verið neitt óeðlilegt.

Eina sem varpaði smá skugga á annars flotta frammistöðu var framganga landsliðsþjálfarans, Jóns Þórs, í stöðunni 0-5. Þá æsti hann sig einum um of þegar dómarinn, Vivian Peeters frá Hollandi, dæmdi glórulausa aukaspyrnu á Gunnhildi Yrsu og uppskar Jón Þór rauða spjaldið og var rekinn upp í stúku.

„Ég held að dómararnir hafi hreinlega ekki skilið það sem ég var að segja. En auðvitað er óafsakanlegt að láta reka sig út af í stöðunni 5-0 og svona lítið eftir. Mér fannst dómgæslan afar skrýtin í þessum leik en það þýðir lítið að ræða það. Þetta er eitthvað sem við eigum ekki að láta koma fyrir í þessari stöðu,“ sagði landsliðsþjálfarinn í samtali við RÚV eftir leik.

**benediktboas@frettabladid.is**

# Arnór situr í stjórn rafíþróttadeildar KR

**FÓTBOLTI** Arnór Ingvi Traustason, landsliðsmaður í knattspyrnu, er að undirbúa sig fyrir leik með liðinu á móti ríkjandi heimsmeisturum Frakklands. Þá stendur hann í harðri baráttu með liði sínu, Malmö, um sænska meistaratitilinn og að komast upp úr riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Það sem kannski fáir vita er að Arnór Ingvi er lunkinn rafíþróttamaður og situr hann í stjórn rafíþróttadeildar KR sem stofnuð var í haust.

„Ég hef spilað Counter Strike frá því að ég var unglingur og er bara nokkuð öflugur í þeim leik. Félagi minn, Þórir Viðarsson, bað mig svo um að hjálpa sér við að halda úti rafíþróttadeild KR og það var bara meira en sjálfsagt. Ég er nú kannski ekki sá virkasti í stjórninni en ég reyni að hjálpa til þegar ég get. Ég spila reglulega og það er gaman að geta hjálpað til við að koma þessu af stað hjá KR,“ segir Arnór Ingvi um tildrög þess að hann varð stjórnarmaður í rafíþróttadeild KR.



„Þetta er risastór íþrótt á heimsvísu og til að mynda í Svíþjóð er þetta mjög vinsælt. Það var haldið mót í Malmö um daginn sem trekkti mikið að og það var glæsileg umgjörð í kringum það mót. Það er mjög gaman að sjá að íslensk félög eru að taka við sér og skilgreina tölvuleiki sem rafíþrótt. Það eru mjög margir sem eru að spila þennan leik og fleiri á Íslandi og gott að félögin séu til í að hýsa og aðstoða við utanumhald á þessari íþrótt,“ segir hann enn fremur.

„Við erum að fara að mæta mjög sterku liði og við verðum að spila okkar besta leik til þess að ná í stig. Við höfum gert það áður hérna á Laugardalsvellinum og ef að við náum upp okkar skipulagi hef ég fulla trú á að við nælum í stig,“ segir Arnór um leikinn gegn Frökkum. **– hó**

reitir.is

# Til leigu — skrifstofur í Pósthússtræti







Fyrsta flokks skrifstofur í fallegu, sögufrægu og algjörlega endurnýjuðu húsi. Á fyrstu hæð eru tvö skrifstofurými, 50 m² og 106 m², á annarri hæð eru tvö rúmlega 100 m² rými og á þriðju hæð er eitt 185 m² rými.

Nánari upplýsingar á **reitir.is/skrifstofur** eða hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra á **halldor@reitir.is** eða í síma 840 2100.

**REITIR**
FASTEIGNAFÉLAG



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl Guðmundsson**

fyrrum bóndi í Bæ, Súgandafirði, Vallarbraut 12, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands laugardaginn 5. október. Hann verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 18. október kl. 13.00.

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Guðrún M. Karlsdóttir** **Þröstur Óskarsson**
**Þorgerður Karlsdóttir** **Arnar Sigþórsson**
**Þröstur Karlsson** **Ingibjörg Anna Elíasdóttir**
**Guðbjarni Karlsson**
**Alda B. Karlsdóttir** **Magnús Erlingsson**
**Hafþór Karlsson** **Ingunn V. Baldursdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Guðvinsdóttir**

Njarðarvöllum 6, Njarðvík,

lést á sjúkrahúsinu í Keflavík föstudaginn 4. október sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 17. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim, sem vildu minnast hennar, er bent á Kvenfélagið Gefn í Garði.

**F.h. aðstandenda,**
**Þóra Harðardóttir**
**Gígja Harðardóttir**
**Halla Huld Harðardóttir**
**Hugrún Dögg Harðardóttir**
**Jörundur Guðni Harðarson**
**Anna Heiða Harðardóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Matthildur Soffía Maríasdóttir**

frá Hjörsey,

lést föstudaginn þann 4. október sl. á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi. Útförin verður auglýst síðar.

**María Einarsdóttir** **Páll Gestsson**
**Margrét Einarsdóttir** **Skúli Waldorff**
**Ragnheiður Einarsdóttir** **Einar Örn Karelsson**
**Ingibjörg Einarsdóttir**
**Haukur Einarsson**
**Anna Jóna Einarsdóttir** **Jón Heiðar Pálsson**
**Sigríður Einarsdóttir** **Gunnar Örn Vilhjálmsson**
**barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Sveinn Jóhannsson**

Sunnubraut 6, Þorlákshöfn,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 4. október. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju laugardaginn 12. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Geirlaug Sveinsdóttir**
**Jóhann Sveinsson** **Hafdís Björk Guðmundsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Bjarni Ágúst Sveinsson** **Þóra Birna Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Olsen**

Bjarnarvöllum 14, Keflavík, áður til heimilis í Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 7. október. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Birgisson Olsen** **Erla Hólm Zakaríasdóttir**
**Ævar Birgisson Olsen** **Renate Vitola**
**María Magdalena Birgisdóttir Olsen**
**Björk Birgisdóttir Olsen** **Heiðar Víkingur Sölvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Jónsdóttir**

frá Fagurhólsmýri, Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 27. september verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 18. október klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ágúst Sigurjónsson** **Sesselja Hrönn Jensdóttir**
**Helga Jónína Sigurjónsdóttir** **Hafsteinn Már Ársælsson**
**Guðný Sigurjónsdóttir** **Svavar M. Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Lára Svavarsdóttir**

handavinnukennari, Víðilundi 24,

er lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 27. september verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að hafa samband við Rebekkustúku nr. 2, Auði á Akureyri.

**Hannes Steingrímsson**
**Svavar Hannesson**
**Steingrímur Hannesson** **Erla Elísabet Sigurðardóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórdís Skaptadóttir**

Sléttuvegi 13, fv. launafulltrúi hjá RB,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 29. september. Útförin fer fram í dag, 9. október, klukkan 14.00 frá Háteigskirkju.

**Skapti Valsson** **Jórunn Gunnarsdóttir**
**Dóra Sjöfn Valsdóttir** **Birgir Sveinsson**
**María Ýr Valsdóttir** **Rúnar Sigurðsson**
**Guðmundur Valsson** **Marta Kristín Lárusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingigerður Ágústsdóttir**

leikskólakennari, Furugerði 1, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 28. september. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 11. október kl. 15.00.

**Baldvin Hreinn Steindórsson** **Hafdís Engilbertsdóttir**
**Snorri Steindórsson** **Ingibjörg Þóra Ingólfsdóttir**
**Anna María Steindórsdóttir** **Stefán Erlendsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bjarni Jónsson**

Lundi 5,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 3. október. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 11. október kl. 11.00.

**Ása Björgvinsdóttir**
**Björgvin Jón Bjarnason** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**Árný Erla Bjarnadóttir** **Alfreð Árnason**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,

**Ingvar Ingvarsson**

frá Birkilundi,

er látinn. Útför verður auglýst síðar.

**Sigrún Lena Ingvarsdóttir**
**Helga Vala Ingvarsdóttir**
**Ingvar Ingvarsson**
**Reuben Jens Ingvarsson**
**Helga Pálsdóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Kristinsdóttir**

Ennisbraut 27, Ólafsvík,

verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 12. október klukkan 14.00.

**Svanur Kristófersson** **Guðrún Kjartansdóttir**
**Stefán Smári Kristófersson** **Hrefna Rut Kristjánsdóttir**
**Kristinn Kristófersson** **Auður Sigurjónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. október 2019

37. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is



# Þurfa að leggja egóið til hliðar

Í þessu umhverfi sem við erum í núna hefði verið best fyrir alla að gera svokallaðan núllsamning.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures, segir að eigendur fyrirtækja í ferðaþjónustu þurfi að vera opnari fyrir samrunum. Afköst starfseminnar í Litháen séu mun meiri en á Íslandi og gæðin engu síðri. » 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



» 2

## Stefna Reykjavíkurborg vegna innviðagjalda

Verktakafyrirtæki og Samtök iðnaðarins standa að baki stefnu á hendur borginni vegna þess sem þau telja ólögmæt innviðagjöld. Þau hafa numið milljörðum króna á síðustu árum. Lögmaður hagsmunaaðila segir málið munu hafa víðtækt fordæmisgildi.

» 4

## Verður fyrirtæki án hliðstæðu í svefni

Nox Medical og Fusion Health hafa sameinast í Nox Health. Sameinað fyrirtæki veltir rúmlega fjórum milljörðum og er skuldlaust. Sjóður í rekstri Alfa framtaks kemur í hluthafahópinn. Nox Medical átti fyrir sameininguna 20 prósenta hlut í Fusion Health.

» 10

## Hausaveiðarar leita að tíum

Algengara er orðið hér á landi að fyrirtæki noti svokallaðar hausaveiðar til að finna hæfa stjórnendur að sögn ráðgjafa. Ráðningar af þessu tagi sveiflist í takt við hagkerfið.

NÝ VERSLUN OPTICAL STUDIO HEFUR OPNAÐ Á HAFNARTORGI



# Kvika leggur Upphafi til um 500 milljónir króna

Kvika banki mun leggja Upphafi fasteignafélagi, sem er í eigu sjóðsins Novus í stýringu GAMMA, til um 500 milljónir króna í aukið fjármagn með kaupum á forgangsskuldabréfi til tveggja ára, samkvæmt heimildum Markaðarins. Fjárhæð skuldabréfaútgáfunnar, sem ætti að klárast formlega á allra næstu dögum, mögulega strax í dag, miðvikudag, nemur samtals einum milljarði og kaupir bankinn því helming útgáfunnar.

Kvika banki, sem er eigandi GAMMA, skuldbatt sig til að sölutryggja skuldabréfaútgáfuna, sem er sögð nauðsynleg viðbótarfjármögnun til að leysa lausafjárvanda fasteignafélagsins, að fjárhæð samtals 500 milljónir króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur náðst samkomulag við helstu skuldabréfaeigendur Upphafs um að leggja félaginu til samtals 500 milljónir með kaupum á nýju forgangsskuldabréfi en afgangurinn verður þá fjármagnaður af Kviku banka.

Á meðal stærstu skuldabréfaeigenda Upphafs, sem gaf út 2,7 milljarða skuldabréf til tveggja ára í júní, eru fjárfestingafélagið Stoðir, TM og félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélags Vestmannaeyja.

Forgangsskuldabréfin verða framar í kröfuröð en skuldabréf í fyrri skuldabréfaútgáfunni og munu þau bera 12 prósent fasta vexti.

Á fundi með skuldabréfaeigendum í gær samþykktu þeir tilteknar breytingar á skilmálum skuldabréfanna sem eru nauðsynlegar til að ljúka viðbótarfjármögnun upp á einn milljarð. Samþykki að lágmarki 90 prósent skuldabréfaeigenda þurfti fyrir breytingunum. Þær lúta meðal annars að því að fastir vextir lækki með afturvirkum hætti úr 15-16,5 prósentum niður í 6 prósent en verði jafnframt tengdir afkomu fasteignafélagsins.

Í bréfi til sjóðsfélaga Novus í síðustu viku voru þeir upplýstir um að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins væri eigið fé, sem þremur mánuðum

**12%**

**eru vextirnir á hinu nýja forgangsskuldabréfi Upphafs til tveggja ára.**

áður var metið á um 3,9 milljarða, nú aðeins talið vera um 42 milljónir. Þá var gengi sjóðsins, sem fór hæst í 250 í árslok 2017, lækkað niður í 2 en það bráðabirgðagengi byggir á því að áform um viðbótarfjármögnun gangi eftir.

Í tilkynningu frá GAMMA í gær kom fram að nýtt stjórnendateymi félagsins hefði frá því í júlí unnið að því að endurmeta stöðu Novus og Upphafs. Sú vinna leiddi í ljós að framvinda margra verkefna Upphafs hefði reynst ofmetin, kostnaður við framkvæmdir var langt yfir áætlunum og þá tóku fyrri matsaðferðir ekki að fullu tillit fjármagnskostnaðar félagsins. Upphaf er á hápunkti framkvæmda með um 280 íbúðir í byggingu og eru áætluð lok allra framkvæmda í árslok 2020. Til að áætlanir gangi eftir um að tryggja tekjur af sölu íbúða og hámarka virði eigna þarf að ljúka útgáfu hins nýja skuldabréfs.

Stjórn GAMMA hefur ráðið Grant Thornton sem óháða sérfræðinga til þess að fara yfir málefni Novus og Upphafs. Á grundvelli niðurstöðu úttektar þeirra verður lagt mat á til hvaða frekari aðgerða verður gripið til að upplýsa hvað fór úrskeiðis. Birta lífeyrissjóður, sem er á meðal sjóðsfélaga í Novus, óskaði í síðustu viku eftir að boðað yrði til hluthafafundar þar sem meðal annars yrði rætt um umfang þeirrar úttektar sem til stendur að ráðast í. Gert er ráð fyrir að boðað verði til þess fundar innan skams.

– hae


Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku banka

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is


Innviðagjaldið er sagt hafa mikil áhrif á byggingarkostnað og hækka mögulega söluverð íbúða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Borginni verið stefnt vegna innviðagjalda

**Verktakafyrirtæki og SI standa að baki stefnu á hendur borginni vegna þess sem þau telja ólögmæt innviðagjöld. Numið milljörðum króna síðustu ár. Lögmaður hagsmunaaðila segir að málið muni hafa víðtækt fordæmisgildi.**

Verktakafyrirtæki, í samstarfi við Samtök iðnaðarins (SI), hafa stefnt Reykjavíkurborg vegna meintra ólögmætra innviðagjalda sem borgin hefur innheimt á undanförnum árum í tengslum við uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Fjárhæðirnar sem um ræðir nema mörgum milljörðum króna.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir í samtali við Markaðinn óásættanlegt að lagaleg óvissa sé til staðar um lögmætið. „Hagsmunirnir eru miklir enda hefur gjaldið áhrif á byggingarkostnað og hækkar mögulega söluverð nýbygginga. Það eru því ekki síst hagsmunir almennings að úr þessum ágreiningi verði skorið,“ segir Sigurður, en samkvæmt minnisblaði frá árinu 2017 leikur verulegur vafi á lögmæti gjaldheimtunnar.

Hann segir hagsmunaaðila hafa kosið að láta reyna á rétt sinn með því að stefna borginni og undirbúningur vegna prófmálsins sem nú sé farið af stað hafi staðið yfir undanfarna mánuði. Það er verktakafyrirtækið Sérverk sem formlega stefnir en að málinu stendur hópur stórra verktakafyrirtækja innan vébanda SI. Óskað hefur verið eftir flýtimeðferð hjá dómstólum.

Sigurður nefnir sem dæmi að innviðagjald á fermetra vegna uppbygginga í Vogabyggð nemi 23 þúsund um króna sem gera 2,3 milljónir á hverja 100 fermetra íbúð á því svæði. „Í Vogabyggð einni nema innviðagjöld borgarinnar hvorki meira né minna en fimm milljörðum,“ segir Sigurður. Innviðagjaldið er enn lagt á uppbyggingarverkefni í borginni og á næstu árum eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar og gæti innheimta innviðagjalds numið milljörðum króna í tengslum við það.

Þá bendir Sigurður á að ekki liggi fyrir hvaða forsendur eru að baki ákvörðun Reykjavíkurborgar á fermetraverði innviðagjaldsins hverju sinni og virðist það mjög ólíkt á milli svæða. „Gjaldið hefur líka verið innheimt við uppbygginguá svokölluðum þéttingarreitum þar sem ekki er skortur á innviðum. Vekur það upp enn frekari spurningar um innheimtu gjaldsins og hvert þessir fjármunir renna,“ segir Sigurður.

Einar Hugi Bjarnason, sem er lögmaður hagsmunaaðila í málinu, telur einsýnt að málið muni hafa víðtækt fordæmisgildi.

„Það liggur fyrir – og er ágreiningslaust – að engin lagaheimild er til álagningar innviðagjaldsins en samt sem áður er farið af stað í milljarðaframkvæmdir með tilheyrandi réttaróvissu. Mér finnst þetta raunar með ólíkindum enda hafði borgin borð fyrir báru varðandi gatnagerðargjöldin. Hún hefði getað nýtt lagaheimildir til að leggja á viðbótargatnagerðargjald en kaus að gera það ekki og fara þess í stað þá áhættusömu leið að leggja innviðagjald á lóðarhafa með einkaréttarlegum samningum,“ segir Einar Hugi.

Hann álítur ljóst, sé litið til fræðiskrifa á sviði sveitarstjórnarréttar, að slík gjaldtaka á einkaréttarlegum grundvelli geti aðeins komið til greina í undantekningartilvikum en ekki þegar um er að ræða lögbundin verkefni sveitarfélaga.

„Þetta er kjarni málsins. Innviðagjaldinu er einmitt ætlað að standa undir lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, eins og breytingu á deiliskipulagi og uppbyggingu skóla, gatna og annarra innviða sem teljast til lögbundinna verkefna borgarinnar. Þessi verkefni eru fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum, meðal annars gatnagerðargjaldi, og ekki getur komið til álita að viðbótarkostnaður vegna þessara verkefna verði lagður á með einkaréttarlegum samningi. Þá væri í raun um að ræða viðbótarskattlagningu án lagastoðar sem er andstætt stjórnarskrá,“ að mati Einars Huga.

**hordur@frettabladid.is**





# Íslensk raforka – ávinningur og samkeppnishæfni

## Miðvikudaginn 16. október kl. 8.30–10.00 í Hörpu

Samtök iðnaðarins efna til opins fundar um íslenska raforkumarkaðinn miðvikudaginn 16. október í Hörpu kl. 8.30–10.00. Horft verður til þjóðhagslegs ávinnings af raforkuframleiðslu á Íslandi og mikilvægi þess að efla samkeppnishæfnina. Orkumál eru hluti af atvinnustefnu fyrir Ísland og verður á fundinum farið yfir uppbyggingu raforkumarkaðarins að undanförnu, samanburð við nágrannaríki og skoðað hvernig bæta megi rekstrarskilyrði í raforkumálum einstakra atvinnugreina.



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður SI



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



**Ole Løfsnæs**
sérfræðingur í raforkumálum hjá Norsk Industri



**Guðni A. Jóhannesson**
orkumálastjóri



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



**Jóhannes Felixson**
bakarameistari og eigandi Jóa Fel



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur SI



**Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00

**Skráning á www.si.is**

25 ára 1994 2019

SI Samtök iðnaðarins

# Verður fyrirtæki án hliðstæðu í svefni

**Nox Medical og Fusion Health hafa sameinast í Nox Health. Sameinað fyrirtæki veltir rúmlega fjórum milljörðum og er skuldlaust. Sjóður í rekstri Alfa framtaks kemur inn í hluthafahópinn. Nox Medical átti fyrir sameininguna 20 prósenta hlut í Fusion Health.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Pétur Már segir að samhliða sameiningunni muni Nox Health annast dreifingu eigin vara í Bandaríkjunum í stað dreifingaraðila. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lækningatækjafyrirtækið Nox Medical og systurfélag þess, Fusion Health, sem rekið er í Bandaríkjunum hafa sameinast undir merkjum Nox Health. Reiknað er með að velta fyrirtækisins á þessu ári verði rúmir fjórir milljarðar króna. Starfsmenn eru 200, þar af rúmlega 50 á Íslandi.

„Með sameiningunni verður til fyrirtæki með lausnaframboð það víðfeðmt að það á sér ekki hliðstæðu á markaði fyrir lækningatæki og lausnir sem notuð eru til greiningar og meðhöndlunar á svefnvanda,“ segir Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical. Sigurjón Kristjánsson, einn stofnenda og framkvæmdastjóri Fusion Health, verður forstjóri samstæðunnar.

Samhliða sameiningunni var hlutafé aukið og framtakssjóður í rekstri Alfa framtaks eignaðist 13 prósenta hlut. Ekki fæst uppgefið hve mikil hlutafjáraukningin var. Nýta á aukið hlutafé í markaðssókn, aukna vöruþróun og samtvinna rekstur fyrirtækjanna. „Það er okkur mikils virði að fá Alfa inn í hluthafahópinn. Alfa hefur á að skipa einvala liði sérfræðinga með mikla reynslu úr alþjóðlegum rekstri,“ segir Pétur Már.

Við aðkomu Alfa að félaginu, verða breytingar á eignarhaldi. „Einhverjir hluthafar hafa ákveðið að fara af vagninum á þessum tímamótum, sumir þeirra hafa verið með okkur í þessu verkefni í meira en tíu ár. Eftir sem áður er sameinað félag enn að meirihluta til í eigu stofnenda og lykilstjórnenda þess,“ segir hann.

Kvika Securities, dótturfélag Kviku banka í Bretlandi, kom að fjármögnun og skipulagningu verkefnisins fyrir hönd Nox og Fusion. „Það hefur verið stórkostlegt að vinna með Gunnari Sigurðssyni og hans fólki í þessu verkefni. Reynslan og þekkingin sem þar er að finna gerði okkur kleift að vinna okkur í gegnum tiltölulega flókið ferli við að sameina þessar rekstrareiningar í eitt fyrirtæki, kynna fjárfestum vaxtarsögu Nox Health og hjálpa okkur að velja réttu fagfjárfestana að verkefninu með okkur,“ segir Pétur Már.

Pétur Már segir að Nox Medical hafi keypt 20 prósenta hlut í Fusion Health árið 2014. „Markmiðið með fjárfestingunni var að fyrirtækin myndu vinna nánar saman að tæknilausnum,“ segir hann.

Upphaf fyrirtækjanna beggja má rekja til Flögu sem stofnuð var árið 1994 af Helga Kristbjarnarsyni lækni en Flaga var í lok síðustu aldar leiðandi í að þróa vörur fyrir svefnsérfæðinga til að greina svefn með aðstoð tölvutækninnar. Stofnendur fyrrnefndra fyrirtækja störfuðu hjá Flögu þar til starfsemi hennar var flutt úr landi árið 2005.

„Nox Medical byggði að hluta til á grunni Flögu en hugmyndin með stofnun Nox var að þróa næstu kynslóð lækningatækja til greiningar á svefni. Nox komst fljótt á skrið vegna þess að starfsmenn höfðu mikla reynslu og þekkingu til þess frá fyrri störfum. Nox hefur verið rekið með hagnaði frá því að það fyrst seldi sínar framleiðsluvörur árið 2009 sem er ástæðan fyrir því að Nox hefur ekki þurft að sækja fjármagn til vaxtar.

Um svipað leyti og Nox lagði upp í sína vegferð fór Sigurjón vestur um haf til Atlanta og stofnaði Fusion Health ásamt fleirum með það fyrir augum að aðstoða fyrirtæki við að draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu vegna undirliggjandi svefnvandamála starfsmanna þeirra. Fusion Health hefur þróað hugbúnaðarlausnir, aðferðafræði og sérþjálfað starfsfólk til að takast á við svefnvandamál, með því að greina þau og meðhöndla,“ segir Pétur Már.

Hann segir að rekstur Fusion Health hafi gengið vel á síðasta ári. Eftir miklar fjárfestingar í þróun hafi félagið skilað jákvæðri EBITA-niðurstöðu. „Fusion Health hefur vaxið hratt á undanförnum árum. Nú er veltan um tveir milljarðar króna. Það var meðvituð ákvörðun að fjárfesta ríkulega í innviðum og tæknilausnum á þessu tímabili. Það eru því tvö öflug fyrirtæki að sameinast.

Eftir sameininguna er sameinað félag algerlega skuldlaust, rekið með hagnaði og jákvæðu veltufé frá rekstri. Þessi sterka staða gefur fyrirtækinu mikið frelsi til að sækja hratt fram, takast á við ný tækifæri á markaðnum og bregðast við breytingum.

Við höfum samhliða sameiningunni ákveðið að sinna dreifingu á vörum okkar í Bandaríkjunum sjálfir en hingað til höfum við unnið með dreifingaraðila sem hefur annast alla okkar markaðsfærslu þar í landi,“ segir Pétur og nefnir að ávinningurinn af því sé aukin nálægð við viðskiptavini sem geti eflt þjónustuna og við það fangi fyrirtækið stærri hlut í virðiskeðjunni sem auki framlegð.

## Helgi meðal stærstu hluthafa Iceland Seafood

Helgi Magnússon, fjárfestir og stjórnarformaður Bláa lónsins, er í hópi stærstu hluthafa Iceland Seafood International með 1,3 prósenta hlut. Félagið Hofgarðar, sem er í eigu Helga, á þannig samtals 30 milljónir hluta í sjávarútvegsfyrirtækinu að nafnvirði, sem er metinn á tæplega 300 milljónir króna miðað við núverandi gengi bréfa félagsins.

**300**

**milljónir króna er markaðsvirði hlutar Helga í sjávarútvegsfyrirtækinu.**

Þetta kemur fram í yfirliti yfir stærstu hluthafa Iceland Seafood í lýsingu sem birtist í liðinni viku vegna áforma félagsins um að skrá fyrirtækið á aðalmarkað Kauphallarinnar samhliða því að selja í næstu viku í almennu útboði bréf í félaginu sem jafngildir rúmlega 9,6 prósenta hlut.

Helgi, sem er fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna og sat í stjórn Marels í fjórtán ár, hóf að fjárfesta í Iceland Seafood síðastliðið vor, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Ásamt því að vera stór hluthafi í Bláa lóninu hefur Helgi að undanförnu fjárfest meðal annars í Stoðum, Kviku banka auk þess sem hann keypti í júní síðastliðnum helmingshlut í Torgi, útgáfufélagi Fréttablaðsins, og tók hann í kjölfarið sæti í stjórn félagsins.

Stærstu hluthafar Iceland Seafood eru félögin Sjávarsýn, fjárfestingafélag Bjarna Ármannssonar, Nesfiskur, FISK-Seafood og Jakob Valgeir ehf. sem fara samanlagt með rúmlega 40 prósenta hlut auk þess að eiga í sameiningu félagið Solo Holding sem á 9,7 prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu.

Heildarvelta samstæðunnar á fyrri árshelmingi þessa árs nam 232 milljónum evra, jafnvirði um 31 milljarðs króna, sem var 55 prósenta aukning frá fyrra ári. Aðlagaður hagnaður Iceland Seafood nam tæplega 5,5 milljónum evra á tímabilinu. – **hae**

## Snarpur samdráttur í útlánum bankanna verulegt áhyggjuefni

Aðgerðaleysi stjórnvalda þegar kemur að rekstrarumhverfi bankanna getur orðið til þess að niðursveifla hagkerfisins verði dýpri en ástæða er til. Stjórnvöld geta spornað gegn niðursveiflunni með því að lækka skatta hraðar en áform eru um. Þetta var á meðal þess sem kom fram í máli Ásdísar Kristjánsdóttur, forstöðumanns efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, og Yngva Arnar Kristinssonar, hagfræðings Samtaka fjármálafyrirtækja, sem mættu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í gær.

Þar var rætt um ástæður að baki verulegum samdrætti í útlánum banka til fyrirtækja og áhrifin á þróun í efnahagsmálum. Hrein ný útlán innlánsstofnana til fyrirtækja á fyrstu átta mánuðum ársins drógust saman um 90 milljarða milli ára, eða um 52 prósent.

„Það er verulegt áhyggjuefni að sjá svona snarpan viðsnúning í útlánum bankanna. Ef erfiðara aðgengi að lánsfé er meginskýringin á bakvið þessar tölur þá kemur það niður á fjárfestingu og þar með hagvexti. Niðurstaðan getur því orðið enn dýpri niðursveifla en kannski ástæða er til,“ segir Ásdís í samtali við Markaðinn.

**Ef erfiðara aðgengi að lánsfé er meginskýringin þá kemur það niður á fjárfestingu og þar með hagvexti.**

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



„Aðlögunin að þessu sinni er í auknum mæli að eiga sér stað í gegnum vinnumarkaðinn. Ólíkt flestum þeim niðursveiflum sem við höfum áður upplifað er aðlögunin ekki að koma fram með gengisveikingu krónunnar og aukinni verðbólgu heldur fækkun starfa og auknu atvinnuleysi.“

Ásdís segir að þegar kemur að stjórnvöldum geti þau brugðist við með því að lækka sérstaka skatta á fjármálafyrirtæki hraðar en áform eru um en í vor var lækkun bankaskattsins frestað til ársins 2021.

„Það er að hægja verulega á útlánavextinum, sem kannski að hluta má rekja til minni efnahagsumsvifa en einnig til annarra þátta. Það er talsverð áskorun að reka banka í því rekstrarumhverfi sem við blasir. Talsverðar kröfur eru gerðar um eigið fé. Lausafjárreglur hafa verið hertar og þessu til viðbótar eru auk hinna almennu skatta sem fyrirtæki í landinu greiða þá eru bankarnir að greiða bankaskatt, almennan fjársýsluskatt af launum og sérstakan fjársýsluskatt af hagnaði.

Áformum stjórnvalda um að lækka bankaskattinn frá og með árinu 2021 ber að fagna en þau áform bæta ekki stöðuna í dag. Stjórnvöld ættu að huga að því hvernig unnt er að lækka bankaskattinn hraðar og meira,“ segir Ásdís. – **þfh**



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
4.999
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Meiri afköst og sömu gæði í Litháen

**Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures, segir offramboð í ferðaþjónustu. Eigendur fyrirtækja þurfi að leggja egóið til hliðar og skoða samruna af alvöru. Afköst starfseminnar í Litháen séu mun meiri en þau voru á Íslandi og gæðin engu síðri. Hefði viljað sjá núllsamninga í kjaradeilunni.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Það er alveg ljóst að í dag er offramboð á ferðaþjónustumarkaði hérlendis og afkoma greinarinnar er sorglega lág. Við hefðum viljað sjá fleiri stíga sömu skref og við gerðum með því að byggja upp stærri og öflugri fyrirtæki og nýta þannig fasta kostnaðinn betur. En það hefur varla átt sér stað sameining í ferðaþjónustunni sem við höfum ekki verið þátttakendur í síðustu ár," segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures, í viðtali við Markaðinn.

Arctic Adventures er í dag stærsta afþreyingarfyrirtæki landsins og leiðandi á sínu sviði í íslenskri ferðaþjónustu. Mikill vöxtur Arctic Adventures á síðustu árum skýrist meðal annars af því að fyrirtækið hefur markvisst unnið að því að byggja upp reksturinn með yfirtökum og öflugri vöruþróun.

*Hvað veldur því að við höfum ekki séð fleiri samruna í ferðaþjónustu en raun ber vitni?*

„Það hafa alltof margir verið fastir í því að hafa keypt fyrirtæki á ákveðnu verði og vilja nú fá sama verð þrátt fyrir að afkoman hafi hrunið. Þeir eru ekki að spá í því að þetta sé staðan í dag og nú verði að bregðast við til þess að bjarga þeim verðmætum sem eru undir. Það þýðir ekki að horfa endalaust í baksýnisspegilinn, þá gerist ekki neitt. Persónur og leikendur þurfa að leggja egóið sitt til hliðar þannig að hægt sé að halda áfram að byggja upp reksturinn og vonandi fá meira út úr honum í framtíðinni," segir Styrmir.

„Þetta er furðuleg staða vegna þess að frá því að við komum inn í Arctic Adventures hefur vantað að fá sambærilegt fyrirtæki inn á markaðinn til að keppa við okkur. Markaðurinn er þannig að það er mikið af einyrkjum sem treysta á sölu þriðja aðila og eiga því mikið undir honum komið. Ég held að það

> **Það hafa alltof margir verið fastir í því að hafa keypt fyrirtæki á ákveðnu verði og vilja nú fá sama verð þrátt fyrir að afkoman hafi hrunið.**

séu því miður alltof mörg fyrirtæki í þessari stöðu á Íslandi.

Við höfum verið að fjárfesta mikið í sölu- og markaðshlutanum til þess að byggja upp eigin söluleiðir sem hefur skilað því að 79 prósent af sölunni fara í gegnum vefsíðurnar okkar. Þannig eigum við stóran hluta af virðiskeðjunni sjálf. Ég myndi segja að það sé okkar helsta samkeppnisforskot því í raun erum við eitt af örfáum fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem hafa verið með þá nálgun að eiga kúnnann alveg sjálf og sleppa þannig við að borga þóknanir til þriðja aðila."

*Hvernig hefur reksturinn gengið á árinu?*

„Árið hefur verið sambærilegt síðasta ári. Þrátt fyrir samdrátt í fjölda ferðamanna til landsins erum við að sjá svipaðar tölur í okkar rekstri enda áttum við nokkuð inni eftir mikla fjárfestingu í sölu- og markaðsstarfi. Ávinningurinn af því að fjárfesta í markaðssetningu skilar sér ekki einn tveir og þrír heldur kemur hann með tímanum og við erum að sjá hann skila sér á þessu ári," segir Styrmir.

## Aldrei fengið jafnmörg símtöl

*Eruð þið í yfirtökuviðræðum þessa dagana?*

„Það er mikið af þreifingum og ég held að ég hafi aldrei fengið jafnmörg símtöl eftir að það birtist frétt um daginn um að við værum að horfa til þess að stækka frekar. Síðan þá hefur maður verið að tala við nokkur ferðaþjónustufyrirtæki á hverjum einasta degi og það virðist sem menn séu að átta sig á stöðunni. Ég held að fyrirtæki sjái



Styrmir Þór Bragason segir að frá því að þeir Jón Þór komu inn í Arctic Adventures árið 2015 hafi vantað öflugt fyrirtæki til a

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 9. OKTÓBER 2019



Unnur Gísladóttir og fjölskylda una sér vel í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Litadýrð og femínísk gildi í Laugardalnum

Unnur Gísladóttir, framhaldsskólakennari og femínisti, býr ásamt manni og tveimur börnum í litríkri og hlýlegri íbúð í Goðheimum. Þegar þau hjónin ráku augun í fasteignaauglýsingu eina helgina þurftu þau ekki að hugsa sig um.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Við sátum og drukkum laugardagskaffi hjá mömmu og skoðuðum fasteignaauglýsingar," segir Unnur. „Eignin í bakgarðinum hjá mömmu var til sölu, fallega blátt hús í Goðheimum." Handtökin voru snör. „Á sunnudegi fengum við fyrir tilstilli vinkonu okkar að fara að skoða og á mánudegi gerðum við tilboð. Allt gekk að óskum og eignin var okkar."

Það er óhætt að fullyrða að menntun af ýmsu tagi er fyrirferðarmikil á heimilinu en báðir foreldrar hafa fengist við kennslu og annars konar fræðslu í störfum sínum með ungmennum um árabil.

„Á heimilinu býr framhaldsskólakennarinn Unnur, grunnskólakennarinn Einar, fótboltahetjan Karen, sundgarpurinn Magni og villikötturinn Tangó," svarar Unnur þegar hún er beðin að segja deili á fjölskyldumeðlimum.

## Draumahúsnæðið

Unnur segir húsnæðið bjóða upp á allt sem fjölskyldan óski sér. „Það er mjög margt sem heillar við þessa eign, hún er björt og það voru mörg tækifæri til breytinga á henni. Það er sérinngangur, stór pallur, tvö klósett og öll þau herbergi sem við þurfum. Húsið er fallega blátt, stendur hátt og hefur mikinn karakter. Við erum mjög hrifin af Laugardalnum og ekki var verra að mamma mín og systir búa í næsta húsi."

Unnur segir byggingarstíl húsanna í götunni, sem flest eru byggð á sjötta og sjöunda áratugnum, einkennast af miklum fjölbreytileika. „Í götunni standa ólík hús, enginn einn byggingarstíll og góð nýting á hverri eign." Húsin eru raunar svo frábrugðin hvert öðru að einn ástsælasti listmálari þjóðarinnar lét eitt sinn falla miður skemmtileg orð um þessa einstöku götu. „Húsið var byggt 1960 og er það mat Harðar Ágústssonar listmálara að það standi í ósmekklegustu götu Reykjavíkur." Fjölskyldan gefur lítið fyrir þessa dómhörku. „Okkur þykir Hörður ekki hafa á réttu að standa og er gatan einstaklega skemmtileg," áréttar hún.

Þá eru nágrannarnir ekki síður skemmtilegir en sundurleitu og fallegu húsin í götunni. „Við erum með prýðisnágranna, erum í raun enn að kynnast þeim. Það er góður mórall í götunni, í sumar var götuhátíð þar sem við borðuðum saman og börnin léku sér."

## Litlar breytingar en þýðingarmiklar

Íbúðin þarfnaðist ekki mikilla

Framhald á síðu 2

Hair Volume

- fyrir líflegra hár!



lagfæringa en þó var ákveðið að fara í smávegis framkvæmdir. „Það var í raun ekkert sem við þurftum að gera, en við ákváðum að létta aðeins á íbúðinni, mála, skipta út listum, rífa niður vegg og setja inn nýtt eldhús,“ segir Unnur. „Það er gaman að geta gert eign að sinni, með þessum breytingum varð hún meira í takt við lífsstíl okkar og flæði.“

Aðspurð hvernig þau hafi undirbúið breytingarnar segir Unnur að þau hafi gefið sér tíma til þess að skoða og fá hugmyndir. „Við höfðum talsverðan tíma til þess að planleggja okkur, við tókum nokkra snúninga á uppsetningu og efnisvali, Pinterest var mikil vinkona okkar á þessum tíma.“ Þá sækir hún innblástur í fólk, og þá ekki síst þau sem standa henni næst. „Ég held að fólk sé minn stærsti innblástur, samtöl okkar systra voru stór liður í að ég náði að sjá hvað það væri sem mig langaði að gera.“

Unnur segir flóknustu hlið ferlisins hafa einna helst falist í að skipuleggja og sýna biðlund. „Erfiðast var að tímasetja iðnaðarmenn, fá allt til þess að smella og vera komin með allt efni í hendurnar.“ Það gekk á ýmsu. „Borðplatan okkar brotnaði á leiðinni til Íslands þannig að það tók talsverðan tíma að bíða eftir henni.“ Þá er ýmislegt á á döfinni. „Á teikniborðinu er að færa svalahurðina úr svefnherberginu hjá dóttur okkar yfir í eldhús og setja glugga inn til hennar. Næsta sumar viljum við líka taka pallinn og gera hann að útiveru- og leiksvæði fyrir börnin.“

Unnur ráðleggur þeim sem hyggjast leggja í framkvæmdir að hika ekki við að stinga sér í djúpu laugina og það sem meira er, vera afdráttarlaus við iðnaðarmenn. „Ekki vera feimin við að vera djörf. Hafðu félaga til að kasta hugmyndum á og fá til baka gagnrýni. Vertu ákveðin við iðnaðarmennina og veldu þér gott teymi. Vertu undirbúin og spurðu að öllu sem þér dettur í hug þegar þú ert að versla við fagfólk.“


Veggir heimilisins eru prýddir fallegum myndum.


Unnur Gísladóttir naut aðstoðar systur sinnar við að velja inn liti fyrir heimilið.


Það þurfti þolinmæði til að bíða eftir borðplötunni sem brotnaði á leiðinni.


Barnaherbergin eru full af bókum og dýrum.


Plöntur og listaverk af ýmsu tagi eru áberandi á heimilinu.

## Kvenlíkaminn í hávegum hafður á heimilinu

Víðsýnin og baráttuandinn sem einkennir hugarfar fjölskyldunnar endurspeglast í vali á litum og listaverkum sem prýða veggi heimilisins. „Við heillumst af litríku og hlýju rými þar sem er pláss fyrir fallega muni og samansafn af ólíkum húsgögnum,“ segir Unnur.

„Þegar við fluttum tókum við meðvitaða ákvörðun um að hörfa frá hvítum veggjum og reyna að velja inn eins marga liti og hægt væri. Við fundum okkur snemma litapallettu, og í miklu samstarfi við systur mína keyrðum við í málningarbúðir til að safna saman þeim litum sem okkur þóttu flottastir.“ Það er femínisminn, sem er fjölskyldunni svo hugleikinn, áberandi víða á heimilinu. „Við erum að vinna með femíníska list, að reyna að koma kvenlíkamanum fyrir á eins mörgum stöðum og okkur dettur í hug.“ Listin kemur úr ýmsum áttum. „Þetta er líka blanda af heimagerðri list og föndri.“

Annað sem lögð er áhersla á er að heimilið sé bæði snyrtilegt og vel skipulagt. „Okkur finnst gott að hafa hreint í kringum okkur og að allt eigi sinn stað. Það er von okkar að heimilið sé einstakt og endurspegli okkur sem búum hér.“

## Líflegt andrúmsloft

Unnur segir þau reyna eftir fremsta megni að vinna út frá naumhyggju og þau vilji heldur fjárfesta í hlutum sem auki andagift og súrefni en dauðum hlutum, ef svo má að orði komast.

„Við erum að reyna að vera „mínímalísk“ og að vera ekki að safna hlutum heldur frekar upplifunum, við viljum hafa líf á heimilinu og því erum við einna helst að safna plöntum og plötum.“

Á óskalistanum er svo að finna ýmislegt hagnýtt og skapandi. „Það er alls konar, okkur langar í útihúsgögn, hrærivél, jurtamottu, listaverk og fleira.“

Þegar Unnur er spurð hver sé hennar uppáhaldshlutur nefnir hún draumafangara sem hefur margþætt tilfinningalegt gildi. „Uppáhaldshlutur okkar hjóna er draumafangarinn sem er fyrir ofan rúmið okkar og Anna systir gerði handa okkur, hann hefur fengið aukið vægi eftir að hjónabandið okkar fékk að lúra í verkinu, en Hera vinkona okkar batt okkur saman í það þegar við héldum upp á ástarsamband okkar sumarið 2018.“

Af húsverkunum segir Unnur að hún hafi sjálf mesta ánægju af matargerð. „Sjálfri þykir mér skemmtilegast að elda.“ Þvottaverkin hljóta þann vafasama heiður að vera síst skemmtileg að hennar mati en þar kemur Einar sterkur inn og virðist hann hafa sagt þvottinum stríð á hendur. „Mér finnst leiðinlegast að þvo þvott en maðurinn minn hefur alfarið tekið það á sínar herðar og nálgast það af nettri þráhyggju, markmið hans er alltaf að sjá í botninn á þvottakörfunni.“

Fjölskyldan nálgast eldamennskuna með opnum huga og er óhrædd við að reyna nýja hluti. Þá leggja þau áherslu á að hafa sem oftast grænmetismat, enda umhugað um umhverfismál. „Við reynum að elda og vera dugleg að prufa okkur áfram. Við eldum mikið grænkerafæði, í uppáhaldi er spínatpasta.“

Þá sé hennar eftirlætisstaður og -iðja að gæða sér á kaffibolla í eldhúsinu í góðum félagsskap. „Að sitja og drekka kaffi við endann á tanganum í eldhúsinu, hlusta á plötu, fréttir eða hlaðvarp og eiga í samræðum við heimilisfólk og dýr.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

JÓLAHLAÐBORÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um jólahlaðborð kemur út laugardaginn 12. október

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.




**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins, arnarm@frettabladid.is Sími: 550-5652

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

NÝJA BÍLAHÖLLIN
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



KIA Ceed ex wagon. Árgerð 2018, ekinn 90 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. TILBOÐ 2.390.000.Ásett verð 2.690.000 Rnr.213825.



KIA Sportage ex. Árgerð 2017, ekinn 112 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 2.790.000.Ásett verð 3.290.000 Rnr.360675.



TOYOTA Land cruiser 150 gx 7 manna. Árgerð 2017, ekinn 151 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 5.490.000.Ásett verð 6.490.000 Rnr.117013.



SUBARU Outback premium x-mode. Árgerð 2017, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 3.995.000.Ásett verð 4.250.000 Rnr.360622.



MMC Outlander. Árgerð 2017, ekinn 152 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 2.290.000.Ásett verð 2.690.000 Rnr.213836.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

SPARIBÍLL



Nýr Ford Transit Custom 8 manna Svartur með svörtu leðri og dökkum rúðum. Sjálfskiptur Diesel. Flottur í ferðaþjónustu eða leiguakstur. Verð: 6.370 þús.


## Þjónusta


**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**


### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heimilið

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**NULL**
Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

### Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu í Bolholti 4, næsta húsi við Laugaveg 178
Verslunarhúsnæði á götuhæð 235 fm. Laust strax.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. 150 fm. Laust fljótlega.
Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð. 180 fm. Laust strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Fasteignir

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gunnlaugur Hilmarsson
lögg. fasteignasali

**Efstihjalli 11, 200 Reykjavík**




**Opið hús í dag miðvikudaginn 9.okt. á milli kl. 17.15 og 18.00**
Falleg 3ja herbergja 86,4m2 íbúð á góðum stað við Efstahjalla 11, 200 Kópavogur. Íbúðin er björt og vel skipulögð með tvö góð svefnherbergi. Fallegt og bjart eldhús, stóra stofu og suður svalir. Staðsetning er góð.
Sjá nánar í sölulýsingu: https://fastko.is/soluskra/eign/463897
**Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson löggildur fasteignasali og viðskiptafræðingur í síma 777 56 56, gunnlaugur@fastko.is**

**Vegna mikilla sölu vantar allar gerðir eigna á skrá.- Frítt söluverðmat.**

### Þjónusta

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

### Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska IV:**
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Spænskuskólinn HÁBLAME



**Námskeiðin hefjast 14. og 15. október**
Verð á mann er 32.000 kr.
**Upplýsingar í síma 698 5033 eða**
spaenskuskolinnhablame@gmail.com
*Facebook:* Spænskuskólinn Háblame
*Instagram:* Spænskuskólinn Háblame


HLAÐVARPIÐ
**á frettabladid.is**
*hlustaðu þegar þér hentar*



Lifum lengur



Hismið

FRETTABLADID.IS



að keppa við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Eftir þrjá mánuði sáum við að afköstin úti voru 40 prósentum meiri og gæðin ekki síðri en hér heima þrátt fyrir að starfsfólkið úti væri með minni starfsreynslu.**

## Fór í ferðaþjónustu eftir átján ár á fjármálamarkaði

Styrmir Þór hafði starfað á fjármálamarkaði í átján ár, meðal annars sem forstjóri MP Banka, áður en hann breytti um stefnu og fjárfesti í ferðaþjónustu árið 2013.

„Það var alveg ljóst í mínum huga að ég var kominn að endalokum í fjármálageiranum og í kjölfarið fór ég að skoða tækifæri í öðrum atvinnugreinum,“ segir Styrmir sem keypti lítið ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfði sig í gönguferðum í lok árs 2013 en það sameinaðist síðan Arctic Adventures árið 2015.

„Göngufyrirtækið mitt hafði gengið mjög vel og hafði byggt upp góða sjóðsstöðu sem hjálpaði okkur í gegnum fyrstu mánuðina á meðan við vorum að taka til í rekstrinum,“ segir Styrmir.

„En þarna voru margir sem trúðu því varla að ég ætlaði að fara inn í svona lítið fyrirtæki og fara bara á gólfið að pakka niður vörum til að senda í gönguferðir upp á Laugaveg. Þrífa tjöld og græja alls konar hluti. Þetta var bara tveggja manna fyrirtæki og maður óð því í öll verk. Ég hef aldrei verið feiminn við að taka til hendinni. Maður er alinn upp við það.“

*En eru þetta ekki ólíkir geirar, það er að segja fjármálamarkaðurinn og ferðaþjónusta?*

„Jú, en auðvitað snýst þetta allt um það sama á endanum. Þú ert að reka fyrirtæki sem þarf að búa til tekjur og það þarf að passa upp á að kostnaðurinn sé minni en tekjurnar þannig að þetta komi rétt út á endanum.“

**Það að Samkeppniseftirlitið skuli taka allan þennan tíma í svona mál er stórhættulegt vegna þess að það er ekki víst að fyrirtækin lifi það af að bíða eftir niðurstöðu.**

það að þessar sameiningar sem við höfum gengið í gegnum hafi skilað sér. En samruni tekur alltaf tíma og það er ekki ráð nema í tíma sé tekið,“ segir Styrmir en bætir við að opinberar stofnanir þurfi að spýta í lófana til að stytta samrunaferlið þegar rekstrarumhverfið er erfitt. Vísar hann til fyrirhugaðs samruna hjá hópferðafyrirtækjunum Grayline og Reykjavík Sightseeing sem sendu Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynningu í sumar.

„Það að Samkeppniseftirlitið skuli taka allan þennan tíma í þetta mál er stórhættulegt vegna þess að það er alls ekki víst að fyrirtækin lifi það af að bíða eftir niðurstöðu. Þau eru að ráðast í þessar aðgerðir til að bregðast við erfiðleikum og þá þurfa hlutirnir að gerast mjög hratt. Ég fékk spurningu frá Samkeppniseftirlitinu um þennan samruna og svaraði einfaldlega að ég væri mjög hlynntur honum og teldi hann alveg nauðsynlegan.“

Arctic Adventures hafði sem kunnugt er náð samkomulagi um kaup á Into the glacier, sem rekur ísgöng í Langjökli, og öðrum ferðaþjónustufélögum í eigu framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund. Tilkynnt var um samkomulagið í byrjun árs en óvissa í ferðaþjónustu og fækkun gesta í göngin urðu til þess að kaupin runnu út í sandinn.

„Við gengum frá samkomulaginu með ýmsum fyrirvörum. Síðan verður WOW air gjaldþrota og þá setjumst við niður og tökum ákvörðun um að setja þetta á frost fram á haustið. Á sama tíma voru viðræðurnar í gangi um að selja Arctic Adventures til erlends aðila og það var ekki heppilegt að vera á tveimur vígstöðvum í einu. Það verður síðan að koma í ljós hvort við tökum upp þráðinn að nýju en það eru engar formlegar viðræður á milli félaganna í dag.“

### Söluviðræður settar á ís

Þá átti fyrirtækið í viðræðum við stórt alþjóðlegt ferðaþjónustufyrirtæki á þessu ári um sölu á fyrirtækinu. Söluferlið var á lokametrunum þegar gjaldþrot ferðaþjónusturisans Thomas Cook setti strik í reikninginn hjá viðsemjendum Arctic Adventures.

„Viðræðurnar hófust snemma í vor og við náðum síðan saman um verðið í júní. Þá fór af stað kostgæfnisathugun sem fól í sér að þeir réðu erlenda sérfræðinga til að skoða fyrirtækið nánar. Það ferli var komið mjög langt og við töldum að við þyrftum bara að passa upp á að hlutirnir hjá okkur væru í lagi. Allt það sem við skiluðum af okkur stemmdi við það sem við höfðum áður kynnt en síðan fer þetta fornfræga breska félag Thomas Cook á hausinn. Þá kemur ókyrrð á markaðinn, ekki bara í Bretlandi heldur úti um allt vegna stærðar og umfangs félagsins. Nýleg gjaldþrot í fluggeiranum blikna í samanburði við gjaldþrot Thomas Cook.

Þetta gjaldþrot hafði nokkra snertifleti við erlenda félagið og þeir óskuðu eftir því að fresta viðræðunum um sex mánuði. En það eru miklar hreyfingar á Íslandi og við vorum ekki tilbúnir að binda okkur í svo langan tíma þannig að við höfnuðum en sögðum jafnframt að við gætum spjallað aftur saman eftir sex mánuði ef báðum aðilum hugnaðist. Við erum ekki endilega búnir að útiloka söluna en hún er á ís eins og staðan er í dag.“

*Var kaupverðið yfir 10 milljarðar króna?*

„Ég get ekki beint tjáð mig um það en ég held nú að þeir sem kunna að lesa ársreikninga geti fundið nokkurn veginn út hvert verðmæti fyrirtækisins er.“

### Tækifæri í óþroskaðri grein

Styrmir Þór og Jón Þór Gunnarsson, viðskiptafélagi hans, komu inn í Arctic Adventures árið 2015 og eignuðust þá báðir fjórðungshlut. Þeir höfðu skýra sýn á það hvernig ferðaþjónustan ætti eftir að þróast.

„Sumarið 2015 kom Jón Þór til mín og sagði að Arctic Adventures væri í vandræðum. Ég hafði þá verið búinn að skoða félagið utan frá og við sáum tækifæri í því að koma inn og gera róttækar breytingar,“ segir Styrmir.

„Ég horfði á ferðaþjónustuna með þeim augum að hún væri dálítið eins og matvörumarkaðurinn var þegar hann skiptist í nýlenduvöruverslanir, kjötbúðir, fiskbúðir og mjólkurbúðir. Öll fyrirtækin voru lítil og hvert í sínu horni. Markmiðið var því að gera það sama í ferðaþjónustu og hafði verið gert í öðrum þróaðri atvinnugreinum eins og í sjávarútvegi og verslun, það er að segja, að koma inn með þekkingu á því hvernig eigi að byggja upp öflug fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi. Ferðaþjónustan átti eftir að fara í gegnum ákveðið þroskaferli og við vildum ryðja brautina.“

*Hvernig var staðan þegar þið komuð inn?*

„Fyrirtækið var að velta innan við milljarði og var í dálitlu basli. Staðan var í raun verri en við höfðum áður talið. Við þurftum því að bregðast hratt við og það gerðum við meðal annars með því að leggja niður það sem var ekki að skila neinu og gera meira af því sem var að skila einhverju. Strax í byrjun skárum við niður um það bil 70 prósent af vöruframboði fyrirtækisins. Það var að bjóða upp á mikinn fjölda ferða en aðeins fáar stóðu undir sér,“ segir Styrmir.

„Það hafði mikil frumkvöðlastarfsemi átt sér stað í fyrirtækinu og það var með sterkt orðspor. En oft er það þannig þegar stofnendur fyrirtækis eru frumkvöðlar á ákveðnu sviði, að þá getur mikill vöxtur verið þeim ofviða.“

Ráðist var í mikla vöruþróun í Arctic Adventures og bendir Styrmir á að aðeins tvær af 20 söluhæstu vörunum í dag hafi verið til staðar þegar þeir Jón Þór komu inn í fyrirtækið. Þá var strax horft til þess að stækka félagið með yfirtökum. Arctic Adventures gekk í gegnum 14 yfirtökur á fjórum árum og jókst veltan úr milljarði króna í um sjö milljarða. Vöxt fyrirtækisins má rekja til tveggja þátta, annars vegar eru það yfirtökur og kaup, og hins vegar öflug vöruþróun og innri vöxtur.

*Hver er lykillinn að farsælum samruna?*

„Við höfum alltaf haft skýra sýn á það hvernig við förum í samruna. Þetta eru yfirtökur af okkar hálfu. Fyrirtækin koma inn í okkar kúltúr og vinna hlutina eins og við höfum verið að vinna þá, og það hefur virkað mjög vel. Yfirleitt skapast vandamál í sameiningum þegar verið er að reyna að blanda saman tveimur ólíkum kúltúrum þannig að til þess að þetta gangi þarf yfirtökufélagið að ráða ferðinni.“

### Mun betri afköst í Litháen

Í byrjun árs opnaði Arctic Adventures þjónustuver í Vilníus, höfuðborg Litháen, til viðbótar við þjónustuverið á Íslandi en einnig hugbúnaðarþróunardeild og markaðsdeild. Á erlendu skrifstofunni starfa nú 40 manns og þar af sex Íslendingar. Til að byrja með átti að flytja starfsemina út í litlum skrefum en þegar í ljós kom að afköstin í Litháen voru miklu betri en hér heima var ákveðið að hraða flutningunum.

„Í þjónustuverum á Íslandi er tiltölulega mikil starfsmannavelta. Fólk lítur ekki á þetta starf sem hluta af starfsframa heldur sem tímabundið starf. Þetta var orðið þannig að við gátum ekki fengið Íslendinga í fullt starf í þjónustuverinu. Fólk var aðeins tilbúið að vinna í þjónustuverinu með skóla en það var nánast útilokað að finna einhvern sem entist í starfi. Á síðustu árum vorum við því að ráða útlendinga inn til okkar á sama tíma og íslenski húsnæðismarkaðurinn var sprunginn og mikil óvissa á vinnumarkaði,“ segir Styrmir. Í ljósi þess var tekin ákvörðun um að opna þjónustuverið í Litháen.

„Upphaflega ætluðum við að hafa þetta þannig að þegar einhver hætti störfum í þjónustuverinu hér heima myndum við ráða starfsmann í Litháen en eftir þrjá mánuði sáum við að afköstin úti voru um 40 prósentum meiri og gæðin alls ekki síðri en hér heima þrátt fyrir að starfsfólkið úti væri með minni starfsreynslu. Þetta fór fram úr okkar björtustu vonum og þá ákváðum við að loka þjónustuverinu á Íslandi og færa þessa starfsemi alfarið út.“

### Horfa til Kanada

*Sjáið þið fleiri tækifæri erlendis?*

„Flutningurinn á þjónustu- og markaðsdeildinni til Litháen sýndi að það gæti verið fjarlægð milli eininga innan fyrirtækisins annars vegar og framkvæmdar ferðanna hins vegar. Það opnaði möguleika á að horfa til annarra landa. Nú höfum við augastað á Kanada sem næsta áfangastað. Þar höfum við skannað markaðinn og fundið tvö fyrirtæki sem við höfum áhuga á að skoða,“ segir Styrmir.

„Þegar mest lét komu tvær og hálf milljón ferðamanna til Íslands. Bara fjölgun ferðamanna til Kanada á milli 2017 og 2018 var tvöfalt meiri en það. Þetta er ekki svo ólíkt því sem við sáum á Íslandi fyrir nokkrum árum. Markaðurinn er fullur af smáum, sérhæfðum fyrirtækjum sem treysta á sölu þriðja aðila. Það eru tækifæri í ferðaþjónustu annars staðar en á Íslandi og við teljum okkur vera eitt af fáum ferðaþjónustufyrirtækjum á Íslandi sem eru í stakk búin til að setja upp starfsemi með sambærilegum hætti í öðrum löndum.“

*Hvað er að frétta af fyrirhugaðri skráningu félagsins á aðallista Kauphallarinnar?*

„Ein af ástæðunum fyrir því að við ákváðum að skrá félagið er sú að skráning gefur okkur tækifæri til að nota hlutabréfin okkar betur sem gjaldmiðil í yfirtökum og sameiningum. Önnur er að hinn almenni fjárfestir þarf að hafa tækifæri til þess að fjárfesta í stærstu atvinnugrein landsins og sérstaklega fyrirtæki sem þjónustar eingöngu ferðamenn sem ferðast til Íslands. Ég held að það sé svigrúm og áhugi fyrir slíku fyrirtæki á markaði.

Við vorum búnir að semja við Kviku um að sjá um skráningarferlið og það var komið af stað þegar viðræður við erlenda ferðaþjónustufyrirtækið hófust. Nú setjum við stefnuna á að skrá félagið á markað 2021. En fyrst viljum við stefna á að koma veltunni yfir tíu milljarða og þess vegna erum við að ræða við önnur ferðaþjónustufyrirtæki og athuga hvar tækifærin liggja. Það verður væntanlega nóg að gera á næsta ári,“ segir Styrmir en Arctic Adventures veltir í dag um sjö milljörðum króna á ársgrundvelli.

### Hefði viljað núllsamning

*Nú er um hálft ár liðið frá því að skrifað var undir Lífskjarasamninginn sem hefur töluverð áhrif á ferðaþjónustuna. Hvernig var niðurstaðan að þínu mati?*

„Í þessu umhverfi sem við erum í núna hefði verið best fyrir alla að gera svokallaðan núllsamning. Hér hafði átt sér stað gríðarleg kaupmáttaraukning, meiri en hefur nokkurn tímann sést í sögu Íslands eða annars staðar. Ég hefði viljað sjá menn ákveða að halda þessu óbreyttu þangað til rykið settist og við sæjum betur inn í framtíðina.

Ég held að við séum að bíta úr nálinni eftir þessa kjarasamninga. Afleiðingarnar eru miklar uppsagnir þrátt fyrir að kerfið sé að mörgu leyti vel undirbúið fyrir erfiða tíma. Atvinnuleysi er að aukast mjög hratt og fyrirtæki eru að skera niður til að bregðast við því að rekstrarkostnaður og samkeppnishæfni Íslands er orðin mjög slæm vegna þess að launakostnaður hefur rokið upp langt umfram það sem flest fyrirtæki geta greitt,“ segir Styrmir. Hann telur að kjarasamningurinn feli í sér fleiri duldar launahækkanir en af er látið.

„Það er ekki eingöngu verið að tala um launahækkanir heldur einnig styttingu á vinnutíma. Sumir halda því fram að stytting vinnutíma auki framleiðni en ekki kostnað, en það er ljóst að samkvæmt erlendum rannsóknum þá er það ekki rétt þar sem þær sýna fram á aukinn kostnað fyrirtækja.“

*Bindið þið vonir við innkomu nýs flugfélags?*

„Hvort einhver komi inn á markaðinn með eina eða tvær vélar skiptir í raun og veru ekki öllu máli í stóru myndinni. Það sem skiptir máli fyrir ferðaþjónustu á Íslandi er hvernig Icelandair mun takast að halda áfram að reka fyrirtækið, byggja upp nýjar flugleiðir og auka flutningsgetu sína. Vandamálið er ekki að áhugi almennings á að koma til Íslands hafi minnkað. Það eina sem hefur minnkað er framboð flugsæta og þar með aðgengi að landinu.“

Jói Fel

BAKARÍ

VEISLU BAKKAR AÐ HÆTTI JÓA FEL



*MAKKARÓNUR OG ANNAÐ GOTT*



*NÝTT HJÁ JÓA FEL! VEGANBAKKI*



*ÍTALSKUR SNITTUBAKKI*



*GRÆNN BAKKI*



*PINNABAKKI*

*Skoðið úrvalið í nýrri vefverslun www.joifel.is*






**Fólk er yfirleitt mjög varfærið þegar kemur að því að skipta um vinnu, segir ráðgjafi sem hefur sinnt stjórnendaráðningum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hausaveiðarar leita að tíum

**Algengara er að fyrirtæki noti svokallaðar hausaveiðar til að finna hæfa stjórnendur að sögn ráðgjafa. Ráðningar af þessu tagi sveiflist í takt við hagkerfið. Duglegt fólk sem vex í starfi kemst fljótt á radarinn.**


Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is




Mörg íslensk fyrirtæki hafa gripið til svokallaðra stjórnendaráðninga, sem oft eru kallaðar hausaveiðar, til að finna hæft starfsfólk. Ráðgjafi á þessu sviði segir að hér á landi sé leitað meira til hausaveiðara en áður. Fólk sem sinni verkefnum vel og vaxi í starfi veki fljótt athygli hausaveiðaranna á Íslandi sökum smæðar markaðarins.

„Það er óhætt að fullyrða að það sé meira um að leitað sé til hausaveiðara en áður. Það er langoftast gert þegar ráða á forstjóra eða framkvæmdastjóra, jafnvel þó að staðan sé auglýst samhliða. Þá er það oftast stjórnarformaðurinn eða óformleg ráðningarnefnd skipuð einum til þremur stjórnarmönnum sem fær ráðgjafa til liðs við sig og vinnur málið í nánu samstarfi þar sem allir safna ábendingum um mögulega kandídata," segir Andrés Jónsson, eigandi Góðra samskipta, sem hefur lengi starfað sem ráðgjafi í almannatengslum og stefnumótun í samskiptamálum. Hann segist hafa byrjað að sinna stjórnendaráðningum árið 2012.

„Ég hugsa að áhugi minn á fólki sé helsta ástæðan fyrir því að ég leiddist út í þetta. Ég er mjög forvitinn um fólk og hef mikinn áhuga á hvernig það getur best nýtt eiginleika sína og reynt sig við sífellt stærri áskoranir," segir Andrés.

„Svo má líka segja að þetta sé bein afleiðing af því að vera ráðgjafi í almannatengslum í 15 ár, en sem slíkur verður maður sjálfkrafa trúnaðarmaður mjög margra forystumanna og -kvenna í atvinnulífinu sem þurfa að taka ákvarðanir um hverja skuli ráða í mikilvæg störf," segir Andrés í samtali við Markaðinn.

Hausaveiðar (e. headhunting) eru notaðar til að finna gott starfsfólk, oftast stjórnanda, sem er ekki endilega í virkri atvinnuleit. Fyrirtæki leita þá til ráðgjafa sem vinna bak við tjöldin til að finna öflugan einstakling.

Andrés segir að hausaveiðarar séu í sumum tilfellum fengnir til að fara út á markaðinn, ýta við einstaklingum og fá þá til að sækja um auglýst störf þar sem önnur ráðningafyrirtæki sjá um ferlið. Stundum með þeirra vitneskju en stundum ekki. Í öðrum tilfellum hafi fyrirtæki augastað á ákveðnum einstaklingum í sama geira en kunni ekki við að nálgast þá beint. Þá sé gott að fá millilið til að annast þau viðkvæmu samskipti.

*Til hvaða þátta horfa hausaveiðarar í ferlinu?*

„Það er svona klassískur hausaveiðarafrasi að það sem við erum að leita að séu „tíur", það er að segja ef þeim sem koma til greina væri raðað á kvarða frá einum og upp í tíu eftir getu og hæfni. Þetta getur samt misskilist. Þetta er ekki skilgreining á einhverjum meintum ofurmennum eða vinnusjúklingum eða einu sinni ákveðinn fasti af fólki. Þetta getur verið mjög breytilegur hópur eftir bæði geira og á ólíkum tímum á starfsferlinum. Þetta er fólk sem á það sameiginlegt að vera mjög framarlega á sínu sviði og komið með ákveðna reynslu úr fyrri störfum sem gerir

**Það er óhætt að fullyrða að það sé meira um að leitað sé til hausaveiðara en áður. Það er langoftast gert þegar ráða á forstjóra eða framkvæmdastjóra.**

Andrés Jónsson, eigandi Góðra samskipta



það á þessum tímapunkti hæft til að leiða ákveðin verkefni," segir Andrés.

„Eins og Hilmar Hjaltason, sem er líklega þekktasti hausaveiðari landsins, segir þegar hann er spurður hvað sé hægt að gera til að vekja athygli hans, þá er svarið bara að standa sig vel í þeim verkefnum sem þú sinnir hverju sinni og gæta þess að halda áfram að vaxa. Ef þú gerir það þá munum við fljótlega frétta af þér."

Lykilatriði í ferlinu er að kortleggja markaðinn til að hafa yfirsýn yfir þá sem hafa viðeigandi hæfni og þekkingu. Andrés segist skoða lauslega um 100 til 150 einstaklinga fyrir hvert starf. Sá hópur sé skorinn niður í 30 til 50 manns og síðan niður í 15-20 sem haft er samband við. Um helmingurinn fari í tvö eða þrjú viðtöl, þreyti próf og leysi verkefni. Markmiðið sé að standa uppi með 2-3 einstaklinga sem allir gætu sinnt starfinu vel.

„Ferlið þegar verið er að ráða toppforstjóra er í grunninn eins nema að það þarf að gæta betur að því að þetta er söluferli, jafn mikið og þetta er umsóknarferli. Ferlið er þá oft aðeins meira eins og tvíhliða viðræður sem byrja sem óformlegt spjall. Þá má nefna að það er orðið algengara hér á landi að nota ráðningarferli við val á nýjum stjórnarmönnum," segir Andrés.

„Smæð markaðarins gerir það vissulega að verkum að það er léttara að hafa yfirsýn yfir markaðinn og vita hverjir koma til greina. Það er kannski ein ástæða þess að stjórnendaleit (e. Executive Search) hefur tekið lengri tíma að ryðja sér til rúms hér á landi."

Þá skiptir máli hvert fyrirtækið er að stefna og í hvers konar fasa það er. Fyrirtæki í endurskipulagningu geti til að mynda þurft öðruvísi stjórnanda en fyrirtæki í sóknarhug. Breytingar í umhverfi fyrirtækisins vegna tækni, lagaramma eða annarra ástæðna hafi einnig áhrif á ráðninguna.

*Er munur á hversu algengar hausaveiðar eru eftir því hvort hagkerfið er í uppsveiflu eða niðursveiflu?*

„Ég hef reyndar bara reynslu af einni uppsveiflu, þeirri síðustu, en mín tilfinning er sú að það gerist mun minna í þessum málum í niðursveiflum. Ekki vegna þess að fyrirtækin þurfi ekki jafn mikið á góðum stjórnendum að halda í niðursveiflu heldur vegna þess að þá ríkir oft meiri óvissa, jafnvel um eignarhald fyrirtækjanna. Ef það er enginn virkur eigandi til staðar þá þýðir að gjarnan að litlar breytingar eru gerðar á stjórnendahópnum á meðan," segir Andrés.

# Mikil gróska í faglegu markaðsstarfi

## Svipmynd

**Gísli Þorsteinsson**

**Nám:**
MBA frá Háskólanum í Reykjavík, BA í sagnfræði og hagnýtri fjölmiðlun frá HÍ.

**Störf:**
Markaðsstjóri Origo, markaðsstjóri Matís, upplýsingafulltrúi hjá Vodafone og blaðamaður á Morgunblaðinu.

**Fjölskylduhagir:**
Giftur Völu Dröfn Jóhannsdóttur, markaðsstjóra hjá Vistor. Við eigum samtals fjögur börn frá 9 ára til 20 ára.



Gísli, sem er markaðsstjóri Origo, segist reyna að hlaupa allt að 60 kílómetra á viku til að næra líkama og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gísli Þorsteinsson hefur verið markaðsstjóri Origo frá árinu 2011 og leitt vörumerkisbreytingu fyrirtækisins sem varð í byrjun síðasta árs. Gísli segir að endurmörkun Origo hafi gengið vel en hún krefjist áfram stöðugrar vinnu. Mikilvægt sé að halda vöku sinni.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef mikinn áhuga á hlaupum og fer 3-4 sinnum í viku út að hlaupa. Ég er í Hlaupahópi FH og það er góður félagsskapur. Mér finnst gott að hlaupa því ég næ að tæma hugann og oft fæðast hugmyndir (jú, maður fer stundum að hugsa um vinnuna) þegar maður er ekki við tölvuna. Þá er þetta griðarlega góð líkamsrækt og heldur manni í góðu ásigkomulagi, sérstaklega þar sem maður er kominn á miðjan aldur. Ég reyni að hlaupa 30-60 km á viku (meira á sumrin) og finnst afar mikilvægt að ná þessum kílómetrafjölda því ég finn að hreyfingin nærir sál og líkama.

Þá hef ég töluverðan áhuga á fótbolta; æfði fótbolta með Val og Leikni í yngri flokkum og var svo í neðri deildum með Leikni í nokkur ár. Ég hef fylgst vel með Leikni síðan og það er ánægjulegt að sjá hversu félagið hefur risið á liðnum árum, nánast úr öskunni. Það þótti hálfhlægilegt að vera í Leikni á sínum tíma en það þykir flott félag í dag. Ég mæti svo sem ekkert mikið á leiki með þeim en fylgist með meira í fjarlægð og sendi góða strauma.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ætli það sé ekki eins og hjá mörgum, ég þarf að fá kaffi. Ég byrjaði að drekka kaffi frekar seint á lífsleiðinni, leiddist eiginlega út í kaffidrykkju þegar ég var í MBA-námi fyrir 10 árum. Maður varð stundum syfjaður í löngum kennslulotum og þá kom kaffið að góðum notum. Síðan þá hef ég kunnað að meta þennan drykk betur og betur. Kaffi er vitanlega ekki alls staðar eins og mér er minnisstætt frábært kaffi sem ég fékk í Litlu-Havana á Miami fyrir nokkrum árum.

> Fyrir einhverjum árum var nóg að auglýsa á síðu þrjú í Mogganum og ná þannig til allra landsmanna en nú eru boðleiðirnar miklu fleiri.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Ætli það séu ekki bækur Böðvars Guðmundssonar um íslenska vesturfara á 19. öld. Raunar eru þetta tvær bækur, Híbýli vindanna og Lífsins tré. Það sem stendur upp úr er að lífið á Íslandi var streð og raunar svo stutt síðan að við fórum að hafa það gott hér á landi í sögulegu tilliti. Mér hefur ávallt fundist sögulegar bækur áhugaverðar enda finnst mér þýðingarmikið að kunna góð skil á fortíðinni til þess að geta tekist á við framtíðina. Ég er svo sem enginn bókaormur en ég hef staðið mig í auknum mæli að því að hafa gaman af ljóðum og festi nýlega kaup á nýjustu ljóðabók Þórarins Eldjárns, Til í að vera til. Mér finnst gaman að grípa niður í hana og lesa fáein ljóð. Það er fróðlegt að sjá hvernig hægt er að vinna með tungumálið.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin hjá þér á síðustu mánuðum?*

Endurmörkun Origo stendur vitanlega upp úr, en við erum enn að vinna áfram með nýtt vörumerki, sem áður var Nýherji, TM Software og Applicon. Þó að endurmörkunin hafi gengið nokkuð vel og vörumerkið Origo orðið vel þekkt, ekki síst fyrir hvað það stendur, þá er þetta stöðug vinna og mikilvægt að halda vöku sinni. Mér finnst einnig afar mikilvægt að þróa markaðsstarf Origo áfram. Við viljum stöðugt bæta okkur. Við höfum að undanförnu Lean-vætt starf markaðsdeildarinnar til þess að bæta þjónustuna innanhúss og auka skilvirkni. Þá erum við að þróa áfram Inbound marketing aðferðafræði til þess að laða viðskiptavini enn betur að lausnum Origo og auka sjálfvirkni í markaðssetningu. Þetta er afar spennandi vegferð sem unnin er með sænsku ráðgjafarfyrirtæki sem ég er sannfærður um að muni stórefla markaðsstarf Origo til skemmri tíma. Á sama tíma er afar mikilvægt að halda vörumerkinu Origo á lofti því skilvirk vörumerkjastefna skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki til lengri tíma.

*Hvernig hefur rekstrarumhverfi Origo breyst á undanförnum árum og hvaða áskoranir hafa falist í þessum breytingum?*

Origo hefur breyst afar hratt og helstu vaxtarbroddar eru í hugbúnaðarlausnum og viðskiptalausnum. Félagið er óþreytandi að bæta við sig einingum á þessu sviði og þróa eigin lausnir. Mér finnst Origo á ótrúlega skemmtilegri vegferð og gaman að fá tækifæri að vinna hjá fyrirtæki sem er ávallt með annan fótinn í framtíðinni.

*Hvaða tækifæri eru fram undan á þínu sviði?*

Ég veit varla hvar á að byrja. Það að vinna í markaðsmálum í dag er fáránlega skemmtilegt. Fyrir einhverjum árum var nóg að auglýsa á síðu þrjú í Mogganum og ná þannig til allra landsmanna en nú eru boðleiðirnar miklu fleiri. Það er ótrúlega mikli gróska í faglegu markaðsstarfi sem er gaman að kynnast og nýta sér í sínu starfi.

*Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?*

Það er einfalt; að vera með fjölskyldunni minni.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Ég er afar lánsamur að eiga konu og fjögur börn. Vonandi eigum við í fjölskyldunni eftir að vera heilbrigð og hamingjusöm eftir 10 ár.

# Áskoranir og tækifæri í lánveitingum til fyrirtækja



**Gunnar Gunnarsson**
PhD. Forstöðumaður greiningar og ráðgjafar hjá Creditinfo

Fyrir tveimur vikum fjallaði Kári Finnsson, viðskiptastjóri hjá Creditinfo, um muninn á sjálfvirkum lánveitingum til einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar. Í framhaldi af því má skoða hvaða tækifæri og áskoranir felast í sjálfvirkri lánveitingu til fyrirtækja á Íslandi.

Helsti markhópur erlendra fjártæknifyrirtækja eru lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SMEs, Small and Medium Enterprises eða MSMEs, Micro, Small and Medium Enterprises). Þarfir stórra fyrirtækja eru oft það flóknar að þau þurfa sérstaka þjónustu eða þá að þau hreinlega fjármagna sig sjálf með skuldabréfaútgáfu. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins þá flokkast fyrirtæki sem MSME ef það uppfyllir tvö skilyrði, er með undir 250 starfsmenn annars vegar og er hins vegar með veltu undir 7,5 milljörðum króna eða eignir undir 6,5 milljörðum króna. Í Evrópu eru meira en 24 milljónir SME sem jafngildir meira en 99% allra fyrirtækja. Evrópsk SME standa á bak við rúmlega helming allrar veltu og tæplega 60% rekstrarhagnaðar allra fyrirtækja.

**Flest fyrirtæki smá og meðalstór**

Á Íslandi eru hlutföllin svipuð en fjöldinn talsvert minni. Um 35.000 fyrirtæki (ehf. og hf.) skila ársreikningum til RSK á ári hverju og af þeim eru um 20.000 í virkum daglegum rekstri utan fjármálageirans og virk á lánamarkaði. Það jafngildir um 60 fyrirtækjum á hverja 1.000 íbúa sem er mjög nálægt meðaltali innan Evrópusambandsins. Í löndum ESB er fjöldinn á bilinu 30-120 fyrirtæki á hverja 1.000 íbúa. Einungis um 100 fyrirtækja á Íslandi, eða 0,5%, teljast sem stór fyrirtæki svo nánast öll félög á Íslandi teljast sem MSMEs.

Erlendis er hugtakið „financial inclusion“ stundum notað þegar talað er um aðgerðir til að bæta aðgengi smárra og meðalstórra fyrirtækja að lánsfé. Þetta hugtak er einnig notað í minna þróuðum ríkjum um einstaklinga sem hafa ekki aðgang að hefðbundinni fjármálaþjónustu. Ástæðan fyrir því er líklega sú að ábatinn af auknu aðgengi að lánsfé er að mörgu leyti svipaður fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þ.e. styrking og vöxtur hagkerfisins, nýsköpun, ný störf og annað í þeim dúr. Spyrja má hvort sama eigi við á Íslandi, þ.e. hvort takmarkað aðgengi að lánsfé hamli vexti smárra og meðalstórra fyrirtækja og aftri þar með hagkerfinu sem heild?

**Fjölbreytileikinn áskorun**

Eitt af vandamálunum við að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrirgreiðslu, umfram öll fjármálaleg og áhættuleg sjónarmið, er fjölbreytileiki fyrirtækjanna. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru jafnmisjöfn og þau eru mörg og þurfa oft sérsniðna þjónustu sem fer eftir því í hvaða starfsemi þau eru. Á Íslandi er fjölbreytileiki smárra og meðalstórra fyrirtækja ekki miðið minni en erlendis en það eru færri fyrirtæki í hverjum flokki.

> Einungis um 100 fyrirtækja á Íslandi, eða 0,5%, teljast sem stór fyrirtæki svo nánast öll félög á Íslandi flokkast sem lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í Bretlandi veita bankar um 70.000 lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á hverjum ársfjórðungi. Ef við myndum varpa þeim fjölda yfir á íslenskan skala myndi það jafngilda í kringum 400 lánum á hverjum ársfjórðungi. Það er ekki mikill fjöldi, sérstaklega ef um er að ræða lán til fyrirtækja í 10-20 mismunandi geirum. Á hinn bóginn stunda fyrirtæki gríðarmikil reikningsviðskipti sín á milli og getur fjöldi útgefinna reikninga oft skipt þúsundum hjá einu fyrirtæki í hverjum mánuði. Heildarfjárhæð útistandandi viðskiptakrafna hjá íslenskum fyrirtækjum er mæld í hundruðum milljarða á hverjum tímapunkti.

**Mikið af upplýsingum til reiðu**

Mikil tækifæri eru í fjártæknilausnum til fyrirtækja en vanda þarf til verka og íhuga vel hvaða þarfir á að leysa, sérstaklega á litlum markaði eins og á Íslandi. Ísland býr hins vegar að því að vera vel í stakk búið tæknilega og lagalega til að sjálfvirknivæða ferla í lánveitingu til fyrirtækja. Ólíkt mörgum öðrum löndum þá er hér mikið af miðlægum upplýsingum til reiðu, svo sem rafræn fyrirtækjaskrá, ársreikningar og lánshæfismat fyrir öll fyrirtæki. Einnig er tiltölulega einstakt við Ísland að nánast allar kröfur eru geymdar miðlægt hjá Reiknistofu bankanna sem einfaldar öll samskipti milli fjármálastofnana. Íslensk fjártæknifyrirtæki búa því við miklar áskoranir ef þau ætla sér að auðvelda fyrirtækjum aðgengi að lánsfé en möguleikarnir eru jafnframt miklir.

## Skotsilfur

### Frá VÍS til Arion



**Hreiðar Hermannsson**, sem hefur starfað sem sjóðstjóri hjá tryggingafélaginu VÍS undanfarin þrjú ár, hefur verið ráðinn til Arion banka. Þar mun hann starfa á fjármögnunarsviði fyrirtækja hjá bankanum sem er leitt af leitt af Jóni Finnbogasyni. Hreiðar, sem er með meistaragráðu í alþjóðlegum fjármálum, hefur áður meðal annars starfað hjá greiningarfyrirtækinu Reitun og skilanefnd Glitnis banka á árunum 2009 til 2012.

### Ólík sjónarmið



Fyrir rúmu ári lagði nefnd um framtíð peningastefnunnar til að stýrivaxtaspáferill Seðlabankans yrði birtur reglulega. Aðalhöfundur skýrslunnar var **Ásgeir Jónsson** sem síðar varð seðlabankastjóri. Þar kom fram að mikilvæg forsenda fyrir birtingunni væri fjarlægð milli spárinnar annars vegar og peningastefnunefndar hins vegar. Á opnum fundi í síðustu viku gat Ásgeir lítið tjáð sig um hvort byrjað yrði að birta vaxtaferilinn. Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarseðlabankastjóri tók hins vegar skýrt fram að vaxtaferillinn þyrfti að vera undir peningastefnunefnd en ekki hagfræðisviði til að unnt væri að birta hann. Ólík sjónarmið togast á í efstu lögum bankans.

### Vinstri Pírati



Píratar fara eins og köttur í kringum heitan graut þegar þeir eru beðnir um að upplýsa hvort þeir séu til hægri eða vinstri sem ætti að vera auðsvarað af stjórnmálaflokki. **Jón Þór Ólafsson**, þingmaður flokksins, afhjúpaði sig óvart þegar hann lagðist gegn frumvarpi um lækkun erfðafjárskatts. Hann sagði eins og vinstri manna er siður: „Erfðafjárskattur er skilvirkur skattur og vinnur gegn því að ójöfnuður færist milli kynslóða.“ Það er ekki flókið að skilgreina Pírata á pólitíska litrófinu, jafnvel þótt Jóni Þór og vinum þyki það stundum snúið.

## Bandaríkin setja kínverska gervigreind á svartan lista



Bandarísk stjórnvöld settu fjögur kínversk sprotafyrirtæki í gervigreind á svartan lista. Þau eru sökuð um aðstoð við kúgun í Xinjiang í Kína. Óvissa ríkir um skráningu tveggja þeirra, SenseTime og Megvii, í Kauphöll Hong Kong sem bitnar einnig á erlendum fjárfestum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Opinberum starfsmönnum fjölgar óháð árferði



**Halldór Benjamín Þorbergsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Útgjöld hins opinbera hafa aukist um 80 prósent að raungildi frá aldamótum. Aukningin er 43 prósent á hvern landsmann. Ekkert lát er á útgjaldaþenslunni samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2020 þar sem áformuð eru 1.000 milljarða króna ríkisútgjöld. Það samsvarar átta milljónum króna á meðalheimili. Aukningin er 73 milljarðar króna sem samsvarar 600 þúsund krónum á meðalheimili.

Aukningu ríkisútgjalda er að stórum hluta varið í launagreiðslur til ríkisstarfsmanna og gögn Hagstofunnar um fjölgun opinberra starfsmanna endurspegla þessa þróun. Störf í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu eru í þessari umfjöllun lögð að jöfnu við störf hjá hinu opinbera, þ.e. bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

**Fjölgað um 55% frá aldamótum**

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, sem er samfelld spurningakönnun, fjölgaði opinberum starfsmönnum mikið á fyrsta áratug aldarinnar fram að bankahruninu. Þeim fjölgaði um rúmlega 14 þúsund, eða 38 prósent, frá árinu 2000 til 2008 samanborið við sjö prósenta fjölgun á almennum vinnumarkaði.

Frá aldamótum til ársins 2018 fjölgaði opinberum starfsmönnum um 20 þúsund, eða 55 prósent, en starfsfólki á almennum markaði um 22 þúsund, eða 18 prósent. Vægi hins opinbera á vinnumarkaði jókst þannig verulega, eða úr 24 prósentum í 29 prósent.

**Slök hagstjórn**

Í kjölfar bankahrunsins 2008 fækkaði starfsfólki mikið á almennum vinnumarkaði en fjöldinn var óbreyttur hjá hinu opinbera. Það voru skynsamleg viðbrögð við efnahagskreppunni. Hagstofan hefur nýverið hafið birtingu á tölum um vinnumarkaðinn sem byggjast á staðgreiðsluskrá RSK. Samkvæmt þeim fækkaði störfum um 13 prósent á almennum vinnumarkaði milli fyrri árshelminga 2008 og 2012 en fjöldi opinberra starfsmanna var óbreyttur. Á næstu þremur árum, 2012 til 2015, fjölgað opinberum starfsmönnum fremur hægt, eða 1,2 prósent á ári að jafnaði. En þegar vaxtarskeiðið mikla hófst, samhliða margföldun erlendra ferðamanna, tók fjölgun opinberra starfsmanna stökk upp á við. Frá fyrri árshelmingi 2015 til sama tíma 2019 fjölgaði opinberum starfsmönnum um tæplega 1.300 að jafnaði árlega eða um 2,2 prósent. Á þessu tímabili fjölgaði hins vegar starfsmönnum á almennum markaði um 4.600 að jafnaði árlega, eða um 3,6%. Þessar tölur bera slakri hagstjórn hins opinbera vitni, þ.e. að eftirspurn eftir starfsfólki sé aukin verulega þegar vinnuaflseftirspurn er í hámarki á almenna markaðnum og kynda þannig undir þenslu á vinnumarkaði og launaskriði.

> Frá aldamótum til ársins 2018 fjölgaði opinberum starfsmönnum um 55 prósent en starfsfólki á almennum markaði um 18 prósent.

**Bætt nýting skattfjár**

Hækkandi meðalaldur er mikil áskorun fyrir Ísland sem og aðrar þjóðir á komandi árum. Þeirri þróun fylgir aukin útgjöld til heilbrigðismála og umönnunar aldraðra og því verður ekki mætt með hækkun skattbyrðar á Íslandi sem er óvíða þyngri. Því er óhjákvæmilegt að marka skýra stefnu um aukna skilvirkni í opinberum rekstri ásamt bættri meðferð skattfjár. Kjörin leið til hagræðingar í rekstri ríkis og sveitarfélaga er aukið vægi samkeppnisrekstrar við starfsemi opinberra aðila sem og útvistun þjónustu þeirra. Þannig má virkja samkeppni til hagræðingar í opinberum rekstri og bæta þannig nýtingu skattfjár.

# Auðlindagjald hamlar þekkingariðnaði

**SKOÐUN**

Helgi Vífill Júlíusson



Mikilvægt skref fyrir nýsköpunarstefnu Íslands, sem kynnt var á föstudag, væri að afnema auðlindagjald á sjávarútveg. Tæknifyrirtækjum hér á landi ætti að vera hægara um vik að ná fótfestu á þeim vettvangi vegna aðstæðna í atvinnulífinu.

Tæknifyrirtæki í sjávarútvegi geta stigið sín fyrstu skref í að þjónusta öflugan heimamarkað. Því er ekki að heilsa í öðrum atvinnugreinum; í ferðaþjónustu eru of mörg lítil fyrirtæki og álfyrirtækin eru fá. Fyrir örþjóð á eyju sem er fjarri öðrum mörkuðum er dýrmætt að tæknifyrirtæki geti þróað tæki og tól fyrir sjávarútveg. Takist það er auðveldara að selja erlendis.

Nú munu margir ærast. Íslenskur sjávarútvegur greiðir meira í opinber gjöld en gerist með öðrum þjóðum. Þeir sem tala fyrir auðlindagjaldi, helst ríkulegu, á sjávarútveg átta sig ekki á að þeir vega að íslenskum þekkingariðnaði og góðum störfum fyrir komandi kynslóðir.

Það þarf nefnilega að átta sig á samhengi hlutanna. Kvótakerfið varð undirstaða hagvaxtar á Íslandi. Án þess væru lífsgæði hér mun minni. Það þarf að horfa á málið í stærra samhengi en ekki einblína sífellt á auknar skatttekjur og ríkidæmi einstakra kvótakónga sem hafa keypt nær allan sinn kvóta. Sú þröngsýni er skaðleg.

Misráðið var að leggja auðlindagjald á greinina. Aukin skattheimta dregur úr getu fyrirtækjanna til að fjárfesta í tækni, sem er þeim nauðsynleg til að skara fram úr, og það hamlar aftur framgangi þekkingarfyrirtækja, einkum þeirra sem hafa ekki enn burði til að sækja á erlenda markaði. Auk þess getur skattheimtan leitt til þess að sjávarútvegur missi stöðu sína sem hefur keðjuverkandi áhrif.

Það var skynsamlegt af Þórdísi Kolbrúnu Gylfadóttur nýsköpunarráðherra að kalla eftir nýsköpunarstefnu fyrir Ísland. Mistakist okkur að byggja upp þekkingariðnað munu lífsgæði hér dragast aftur úr nágrönnum okkar og störfin verða einhæfari.

Æskilegt er að reyna að byggja upp klasa tæknifyrirtækja í sjávarútvegi, eins og þekkist með hugbúnaðarfyrirtæki í Kísildalnum. Innan klasa verða fyrirtæki öflugri en ella í ljósi aukinnar samkeppni, ríkara samstarfs og jarðvegurinn fyrir reksturinn er frjórri. Það er meðal annars vegna heppilegra samstarfsfyrirtækja, fjölda starfsfólks með viðeigandi þekkingu og hið opinbera leitast við að styðja við starfsemina til dæmis með réttu námsframboði og skynsamlegri skattheimtu.

Ísland þarf að byggja á sínum styrkleikum þegar kemur að uppbyggingu klasa. Rökrétt er að horfa til sjávarútvegs.

# október TILBOÐ

## á H1 rafmagns-borðum



**H1 rafmagnsborð**
Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstýringu. Á H1 fæturna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

MYNDFORM GRAFÍK

120x80cm **48.900kr.**
140x80cm **51.900kr.**
160x80cm **54.900kr.**

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

# P90

## með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg



Sparaðu **40%**

VERÐ ÁÐUR
**94.900 kr.**

VERÐ NÚ
**54.900 kr.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa
RÍKISKAUP

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9. október 2019

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

### Nýir tímar í verslun

**Þegar** gengið er um erlendar stórborgir eru merki um breyttar verslunarvenjur á hverju strái. Þau augljósustu eru auð verslunarpláss sem nú eru í hrönnum við götur sem löngum hafa verið meðal þeirra allra vinsælustu. Engu máli skiptir hvort göngutúrinn er um Soho í New York eða samnefnt hverfi í London. Pláss sem áður var slegist um standa nú auð og pappaspjöld fyrir gluggum. Sagt er til að mynda að í New York hafi að jafnaði um tuttugasta hvert pláss staðið autt. Nú sé staðan sú að fimmta hvert rými er laust til útleigu.

**Það** kann að koma sumum á óvart, en ástæðan fyrir því að hefðbundin verslun gengur verr en áður á eftirsóttustu stöðum veraldar er hvorki skortur á bílastæðum, né aukin áhersla borgaryfirvalda á gangandi eða hjólandi.

**Nei,** orsökin leynist í breyttum verslunarvenjum. Ekki bara sækja neytendur varning sinn í auknum mæli á internetið, heldur leggja þeir einnig minni áherslu en áður á magnkaup. Tískubransinn hefur til að mynda breyst þannig að neytendur vilja frekar kaupa færri flíkur og vandaðri, en fleiri sem jafnvel eru allt að því einnota. Slíkar áherslur ríma líka betur við umhverfisverndarsjónarmið, sem nú fer mikið fyrir.

**Fyrir** á fleti er svo húsnæðiskerfi, sem byggist á gömlum tíma, og þungbærar opinberar álögur. Á tímum breyttrar neyslu er því oft á tíðum ómögulegt fyrir rekstraraðila að standa undir hvoru tveggja, himinhárri leigu og hinum ýmsu opinberu gjöldum. Auðvitað finnst engin galdrauppskrift á einni nóttu. Svo virðist hins vegar sem neytendur leggi aukna áherslu á að einhvers konar upplifun fylgi verslunarferðunum.

**Á því** hafa gamalgrónu risaverslanirnar í London kveikt. Bæði Harrods og Selfridges skila hverju metuppgjörinu á fætur öðru. Sú síðarnefnda skilaði metafkomu árið 2018 og velti tæpum tveimur milljörðum punda. Meðal nýstárlegra leiða sem farnar voru á árinu til að laða að kúnna var að koma upp hjólabrettarampi innanhúss og setja upp listaverkasýningu með Damien Hirst.

**Verslun,** skemmtun og upplifun mætast. Það er kannski lykillinn.

# Á 10 prósent í Loftleiðum Cabo Verde



Björgólfur Jóhannsson.

Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, á 10 prósenta hlut í Loftleiðum Cabo Verde sem keyptu í febrúar 51 prósents hlut í ríkisflugfélaginu Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum. Þetta kemur fram í ársreikningi.

Þá á eignarhaldsfélagið Kjálkanes, systurfélag útgerðarfyrirtækisins Gjögurs, sem á 34 prósenta hlut í Síldarvinnslunni, 20 prósenta hlut í Loftleiðum Cabo Verde. Systkinin Anna og Ingi Jóhann Guðmundsbörn eru stærstu eigendur Kjálkaness, en þau tóku sæti í stjórn Loftleiða Cabo Verde fyrr á árinu, auk þess sem Björgólfur er einnig á meðal hluthafa félagsins.

Loftleiðir-Icelandic, dótturfélag Icelandair Group, fer með 70 prósenta hlut. Í ársreikningnum kemur fram að hlutafé félagsins skiptist í tvo flokka – A og B – og fylgir allur atkvæðisréttur hlutum í A-flokki. Kjálkanes og Björgólfur fara saman lagt með 60 prósenta hlut bréfa í A-flokki félagsins.

Stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum samþykktu kauptilboð Loftleiða Cabo Verde upp á 175 milljónir króna auk þess sem félagið skuldbindur sig til að leggja ríkisflugfélaginu til um 800 milljónir í viðbót. – hae

**05.10.2019**



**Við höfum alltaf sagt þetta. Það er ekki hægt að láta húsnæðisöryggi í hendurnar á markaðnum.**

Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands





Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



FYRIR UNGA FÓLKIÐ
100% MERINO ULL
LYKTAR EKKI
HLÝRRI
Stingur ekki
Oasis Crewe barna 6.990 kr.
Oasis Leggings barna 6.990 kr.
Tech bolur barna 7.590 kr.
Tech leggings barna 7.590 kr.
Tech lite herra 9.990 kr.
Tech lite dömu 10.990 kr.
Tech lite dömu 9.990 kr.
Tech lite dömu 9.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Oasis Crewe herra 11.990 kr.
Steveston skyrta herra 23.590 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Fljótt að þorna
Hnökrar lítið sem ekkert
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Oasis hálfrennd herra 13.990 kr.
Collingwood úlpa m/hettu dömu 43.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu 15.990 kr.
Oasis Crewe herra verð frá 12.990 kr.
Collingwood jakki herra 39.990 kr.
Helix pils dömu 14.990 kr.
Sport Bra long 9.990 kr.
ICEBREAKER
Anatomica Zone Boxers herra 6.590 kr.
Oasis Leggings dömu 12.990 kr.
Vertex hálfrennd dömu 18.990 kr.
Vertex leggings dömu 15.990 kr.
Helix Jakki herra 34.990 kr.
Zone hálfrennd dömu 18.990 kr.
Tech hálfrennd dömu 15.990 kr.
Oasis Crewe dömu 14.990 kr.
Everyday Crewe dömu 11.990 kr.
Tech lite herra 10.990 kr.
Everyday hálfrennd herra 12.990 kr.
Helix Jakki dömu 34.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG-sport
BYKO
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 4 |
| Ísafjörður | 3 | 11 |
| Akureyri | 5 | 2 |
| Egilsstaðir | 6 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 9 | 4 |
| Hveravellir | 2 | 7 |

Norðaustan 13-18 norð-vestan til með morgninum en annars 8-15. Rigning með köflum, og gránar í fjöll norð-austan- og austanlands, en léttir til um landið suðvestanvert. Hiti 5 til 13 stig.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 | 6 |
| Ísafjörður | 2 | 11 |
| Akureyri | 5 | 5 |
| Egilsstaðir | 5 | 11 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 10 |
| Hveravellir | 0 | 8 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 2 |
| Ísafjörður | 2 | 5 |
| Akureyri | 2 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 1 |
| Hveravellir | 2 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | 2 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 gisinn
5 einkar
6 svell
8 gróandi
10 ekki
11 að
12 vín
13 vandræði
15 hryggleys-ingjar
17 fangi

**LÓÐRÉTT**
1 drykkur
2 trjátegund
3 nögl
4 veldis
7 sálmabók
9 tíðka
12 þverrifu
14 á víxl
16 kvk. nafn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 lekur, 5 all, 6 ís, 8 gróska, 10 ei, 11 til, 12 must, 13 ömun, 15 lindýr, 17 snari.
**LÓÐRÉTT:** 1 lageröl, 2 elri, 3 kló, 4 ríkis, 7 saltari, 9 stunda, 12 munn, 14 mis, 16 ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Sverrir Þorgeirsson (Taflfélagi Garðabæjar) átti leik gegn Oliver Aroni Jóhannessyni (Skákdeild Fjölnis) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**



**38. Dd2!! c5** (38. ... Bxd2 39. Hbxb7+ Ka8 40. Ha7+ Kb8 41. Hhb7#). **39. dxc5 Hxf5 40. Hxb4!** og hvítur vann skömmu síðar. B-sveit Breiðabliks, Bolungarvíkur og Reykjaness er efst í 3. deild, Skáksamband Austurlands og Skákgengið eru í 2.-3. sæti. **www.skak.is:** Skemmtilegir skákpistlar.

ELSKAÐU LÍFIÐ ♥
ZP

WWW.ZALTPROPERTIES.COM

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
89%
Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Kringlukast

# 20%

afsláttur af **ÖLLUM** vörum!

Dagana 9-14.okt

B. BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN

# Hver saga býr yfir sínum eigin heimi

**Ragna Sigurðardóttir sendir frá sér smásagnasafn. Fimm sögur sem gerast á ólíkum tíma og stöðum. Leggur áherslu á það sammannlega.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Eins og margir sem skrifa hef ég áhuga á fólki, segir Ragna Sigurðardóttir sem hefur sent frá sér smásagnasafn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vetrargulrætur er smásagnasafn eftir Rögnu Sigurðardóttur, en hún hefur áður sent frá sér sex skáldsögur, smásögur og ljóð. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir skáldsöguna Borg.

„Í garðyrkju eru vetrargulrætur látnar ósnertar fram á vetur. Þær vaxa áfram og halda gæðum sínum. Þetta er ekki gert hérlendis enda líklega of mikið frost í jörð. Í samnefndri sögu í bókinni eru vetrargulrætur tákn fyrir eitthvað gott sem leynist, vetrarforða eða framtíð sem mikilvægt er að trúa á þótt hún sé ekki sýnileg berum augum.“

### Hið sammannlega

„Þarna eru fimm langar smásögur sem hafa orðið til á síðustu þremur árum,“ segir Ragna. „Sögurnar gerast á ólíkum tíma og ólíkum stöðum, sú síðasta á 18. öld. Hið sammannnlega breytist ekki þótt tæknin breytist, grundvallaratriði lífsins eru eins, sama hvar við erum. Ég vildi leggja áherslu á þetta en um leið fannst mér spennandi að skoða þann tíðaranda sem er ríkjandi hverju sinni. Mig langaði líka að skrifa um persónur í ákveðnum aðstæðum, stundum mjög dramatískum, og hvernig þær bregðast við þeim.

Með því að finna sögu stað í ákveðnum tíma er hægt að skoða ólíka hluti. Eins og margir sem skrifa hef ég áhuga á fólki og hvernig það tekst á við lífið. Í þremur sögum hefur stríð bein eða óbein áhrif á sögupersónur og líf þeirra. Þar er ég að skoða hvernig við manneskjurnar tengjumst hinu stærra samhengi. Fólk hugsar ekki um það alla daga að það er hluti af stærra samhengi, sérstaklega ekki á okkar litlu eyju.“

> **PERSÓNURNAR EIGA ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ FINNA SIG KNÚNAR TIL ÞESS AÐ TAKAST Á VIÐ UMHVERFI SITT – BJARGA ÖÐRUM EÐA BJARGA SJÁLFUM SÉR.**

### Sami sagnaheimur

Söguefnið er margs konar. Ungur málari grípur til örþrifaráða þegar kærasta hans sekkur í þunglyndi; myndlistarkona finnur sér leið þrátt fyrir þöggun; flóttakona frá Þýskalandi tekst á við sköpunarkraftinn í nýju umhverfi: unglingur á sér einn draum heitastan. Fyrsta sagan, ansi áhrifamikil, nefnist Ég skal bjarga þér og gerist í Reykjavík árið 2019 en þar týnir kona barni. „Það er venjulega komið fram við börn eins og börn, en börn eru bara litlar manneskjur. Mig langaði til að skrifa um konu sem lítur barn sömu augum og fullorðna manneskju. Aðstæður verða til þess að hana langar ákaft til að kynnast þessu barni,“ segir Ragna.




„Persónurnar eiga það sameiginlegt að finna sig knúnar til þess að takast á við umhverfi sitt – bjarga öðrum eða bjarga sjálfum sér. Og í gegnum þær ólíku björgunaraðgerðir komast þær að einhverju nýju um sjálfar sig. Konan sem týnir barninu vill ákaft bjarga því, en á endanum er það kannski alls ekki barnið sem þarfnast björgunar. Það sama má segja um kærastann sem á erfitt með að takast á við þunglyndi kærustu sinnar, hann þarf að horfast í augu við hvaða tilfinningar búa í raun að baki. Eiginkonan sem upplifir óvænt þöggun á eigin heimili þarf að taka ákvörðun um það hvernig hún ætlar að taka þann slag, en þar fannst mér áhugavert að skoða hvernig straumar og stefnur í listum um miðja síðustu öld höfðu áhrif á persónulegt líf. Ein af sögunum gerist í Reykjavík á fjórða áratug og hefur brottsendingu flóttamanna og hjálpsemi í brennidepli. Hversu langt erum við tilbúin að ganga til þess að bjarga öðrum? Síðasta sagan víkur síðan frá þeim sjónræna heimi listamanna á 20. og 21. öld sem hefur ríkt í bókinni og hverfur aftur í myrkur blinds unglings á 18. öld. Hún er eins og dökkur bakgrunnur, lím fyrir hinar sögurnar fjórar og í henni býr kjarni bókarinnar, sköpunarkrafturinn.“

„Eins og sjá má af þessu býr hver saga yfir sínum eigin heimi, en þær tilheyra engu að síður einum og sama sagnaheiminum. Í þeim má sjá snertifleti á milli persóna, hversdagslífs þeirra og þess sem þær takast á við. Tímaflakkið felur líka í sér möguleika á vangaveltum um til dæmis þróun stöðu konunnar og valdabaráttu kynjanna.“

### Vinnur að skáldsögu

Spurð um smásagnaformið segir Ragna: „Smásagnaformið hentaði þessum sögum. Tvær sögur hugsaði ég upphaflega sem skáldsögur en sá svo að efnið hentaði ekki í það og ég stytti þær. Þetta langa smásöguform finnst mér mjög skemmtilegt vegna þess að innan þess er hægt að gera svo mikið, ekki síst byggja upp persónur. Ég er sjálf heilluð af þessum stóru höfundum sem hafa skrifað langar sögur, eins og Alice Munro, Doris Lessing og Joyce Carol Oates.“

Ragna er nú að vinna að skáldsögu sem gerist í París og Reykjavík um miðja 20. öld og þar er á ferð ástarsaga listamanna.

# Verður sjálfur ekki á hátíðinni í holdinu en mjög nálægur í andanum



Haraldur segir gjörninginn Þröng fela í sér þátttöku gesta.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á A! Gjörningahátíð sem opnuð verður á Akureyri á morgun, 10. október. Hún stendur fram á sunnudag. Þetta er alþjóðleg hátíð sem haldin er árlega, nú í fimmta sinn. Hátt í 2.000 gestir hafa sótt hana heim hverju sinni. Ókeypis er inn á alla viðburði hennar.

Einn þeirra sem verk eiga á hátíðinni er Haraldur Jónsson myndlistarmaður, sem býr í borginni. Hann á ekki heimangengt og segir þetta verða í fyrsta skipti sem hann sé ekki viðstaddur opnun á eigin verkum. „Gjörningurinn minn nefnist Þröng. Ég treysti þeim fyrir norðan til að setja hann rétt upp og vona að hann komi vel út. Þó ég verði ekki sjálfur á hátíðinni í holdinu verð ég mjög nálægur í andanum.“

Fylgir samt ekki gjörningum alltaf eitthvað sem gerist á staðnum? „Jú, gjörningur fer fram í tíma og rúmi og inniheldur mjög gjarnan hreyfingu og einhvers konar stefnumót við áhorfendur. Grunnmunurinn á gjörningi og leiklist er að gjörningurinn skapar ástand en honum fylgir ekki frásaga, hann er meira í ætt við athöfn, eða ritúal.“

Haraldur segir um frumflutning að ræða á verkinu Þröng og það feli í sér þátttöku gesta. „Þröng er nokkurs konar afsprengi yfirlitssýningar minnar á Kjarvalsstöðum fyrir ári. Hún stóð í þrjá mánuði og ég var alltaf með gjörninga síðdegis á laugardögum. Það var mjög gaman og það má segja að fræi að þessum gjörningi hafi verið sáð þá. Verkin mín hafa samt, alveg frá upphafi, gjarnan haft einhverja umbreytingu í sér, þannig að Þröng er angi af þeirri stefnu.“

A! Gjörningahátíð er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Menningarhússins Hofs, Leikfélags Akureyrar, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Gilfélagsins og Heim-vídeólistahátíðar.

Samhliða A! fer vídeólistahátíðin Heim fram. **gun@frettabladid.is**

> **Sýnendur:**
> **Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Dustin Harvey, Einkasafnið, Florence Lam, Haraldur Jónsson, Íris Stefanía / Hljómsveitin Eva, Listahópurinn Kaktus, The Northern Assembly / Nordting, Photo Studio »Schmidt & Li« , Rodney Dickson, Snorri Ásmundsson, Sunna Svavarsdóttir, Tales Frey, Tine Louise Kortermand / María.**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. OKTÓBER 2019

**Hvað?** Ronja ræningjadóttir
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Garðurinn býður öllum sem skarta Bleiku slaufunni 2019 frítt í garðinn frá 16.00 til 20.00. Opið verður í dýrahúsum og leiktækjum.


Bjarni er með erindi í Neskirkju.

**Hvað?** Þannig týnist tíminn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Gestur í sagnakaffi verður Bjartmar Guðlaugsson.

**Hvað?** Rostungar til forna við Ísland – náttúrusaga og mannvistfræði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Neskirkju
Á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða flytja Hilmar J. Malmquist líffræðingur og Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur erindi.

**Hvað?** Friðarsúlan tendruð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Við Friðarsúluna í Viðey
Friðsæl athöfn. Boðið er upp á fríar ferjusiglingar og strætóferðir fyrir og eftir athöfn.

**Hvað?** Afmæli Johns Lennon
**Hvenær?** 17.45-21.30
**Hvar?** Viðey
Listasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og fleiri sjá um dagskrána.

**Hvað?** Jazztríóið Hot Eskimos
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, 5. hæð í Hörpu
Tríóið mun leika eingöngu lög eftir afmælisbörn dagsins. Meðlimir þess eru píanóleikarinn Karl Olgeirsson, Jón Rafnsson sem leikur á bassa og trommuleikarinn Kristinn Snær Agnarsson. Miðaverð er kr. 2.500 en 1.500 kr. fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Kópavogur flokkar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Erindi um sorphirðu- og endurvinnslu í Kópavogi.


**Norski barna-og unglingakórinn Regnbuen er frá Bergen, þar sem oft rignir. Hann syngur í Hörpuhorni í dag og í Háteigskirkju á morgun, fimmtudag.**

**Hvað?** Barna- unglingahljómsveitin Regnbuen
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hörpuhorn í Hörpu
Tónlistin er fjölbreytt og inniheldur verk eins og Ræðu víkinga, Capriol Suite eftir Peter Warlock, tónlist eftir suðurkóreska tónskáldið Soon Hee Newbold og verk eftir norska tónskáldið Edward Grieg. Tónleikarnir eru ókeypis og allir velkomnir.

# Kattarkonsert, en engin mús

**TÓNLIST**

**Píanótónleikar**

★★★★★

**Luka Okros lék verk eftir Schubert, Rakhmaninoff, Liszt og fleiri.**

**Kaldalón í Hörpu**
föstudaginn 4. október


**Tækni hans var lýtalaus, innlifunin smitandi, segir gagnrýnandi um Okros.**

Í einni myndinni um Tomma og Jenna er sá fyrrnefndi í hlutverki píanóleikara. Hann er í kjólfötum og gengur inn á svið, virðulegur á svipinn. Síðan byrjar hann að spila. Við það vekur hann Jenna, sem hafði sofið vært inni í flyglinum. Hefst nú mikill slagur þeirra á milli sem fléttast inn í tónlistina, Ungverska rapsódíu nr. 2 eftir Franz Liszt. Það er gríðarlegur fingurbrjótur með alls konar heljarstökkum eftir hljómborðinu.

Líflegt verkið var á dagskránni hjá Luka Okros píanóleikara, sem hélt tónleika í Kaldalóni í Hörpu á föstudagskvöldið. Engin mús var í flyglinum, Okros sá um allt fjörið sjálfur. Hann gerði það af einstakri fagmennsku. Tækni hans var lýtalaus, innlifunin smitandi. Þetta var sannkölluð flugeldasýning.

**Djössuð kadensa**
Í einleikskonsertum eru gjarnan svokallaðar kadensur, þar sem einleikarinn spilar án undirleiks hljómsveitarinnar. Rakhmaninoff samdi kadensu fyrir þessa rapsódíu Liszts, þó þar sé engin hljómsveit. Kadensan byggir á stefjunum í upphaflega verkinu, en er skemmtilega djössuð, með dálítið flippuðum hljómum sem magnast upp í brjálæðislegan hápunkt. Kadensan er ætluð til leiks rétt fyrir lokin, og Okros spilaði hana hér. Hún skapaði skemmtilegt mótvægi við tónlistina eftir Liszt, gerði húmorinn í tónlistinni enn meiri. Útkoman var frábær.

Tónleikarnir í heild voru einkar ánægjulegir; Okros lék af hreinni snilld. Tónmyndunin var fögur, ýmiss konar tónahlaup runnu áfram án hindrana, skáldskapurinn í leiknum var ávallt hrífandi. Fjögur Impromptu op. 90 eftir Schubert voru full af ljóðrænu og söng, laus við tilgerð. Þetta eru fremur stuttar tónsmíðar, einfaldar í formi, en einstaklega grípandi, með dásamlegum laglínum. Okros kom tónlistinni fullkomlega til skila, af innblæstri og dýpt.

**Stórbrotin og glæsileg**
Ekki síðri voru sex Moments musicaux op. 16 eftir Rakhmaninoff. Tónmálið er talsvert flúraðra en hjá Schubert, laglínurnar sjálfar eru oft hægar, en þær eru umvafðar afar hröðum nótum. Okros spilaði verkin af krafti, en líka viðkvæmni þegar við átti. Allar ógnarhröðu tónarunurnar voru leiknar af ótrúlegu fyrirhafnarleysi, píanóleikarinn bókstaflega hristi þær fram úr erminni. Heildarmyndin var stórbrotin og glæsileg.

Okros var klappaður upp af hrifnum tónleikagestunum og hann lék þrjú aukalög. Eitt af þeim var Clair de lune eftir Debussy, en titillinn er franska og þýðir tunglskin. Þetta er innhverf tónsmíð, og áhrifin af túlkun píanóleikarans voru undursamleg. Hann mótaði hljómana af svo miklum fínleika og fegurð að maður sá silfraða birtu tunglsins fyrir sér, hún bókstaflega fyllti salinn. Píanóleikari sem skapar slíkan galdur er svo sannarlega innblásinn listamaður.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Framúrskarandi flutningur á flottri tónlist.











# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**11.15 Kastljós**
**11.30 Menningin**
**11.40 HM í fimleikum** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í fimleikum í Þýskalandi. Allt fremsta fimleikafólk heims mætir til leiks og RÚV sýnir beint frá öllum keppnisdögunum.
**15.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990**
**16.15 Sporið** Í fyrsta þætti skoðum við hvernig dansinn fylgir okkur frá fæðingu og jafnvel fyrr. Við komumst að því hvenær við tökum fyrstu danssporin og skoðum hvers vegna sumir eru með næma tilfinningu fyrir takti en aðrir taktlausir með öllu. Einnig fjöllum við um hvernig dansinn breytist frá æsku til unglings- og fullorðinsára og komumst að því hver er aðalávinningurinn af honum.
**16.45 Krónikan**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Sögur úr Andabæ - Dagur einkabarnsins**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
**19.50 Menningin**
**20.00 Kiljan**
**20.40 Vestfjarðavíkingurinn** Þáttur um keppni aflraunamanna á Vestfjörðum. Þar tókust sterkustu menn Íslands á við fjölbreyttar þrautir eins og gert hefur verið í Vestfjarðavíkingnum í tvo áratugi. Í þættinum er fylgst með átökunum, og ýmsu því sem fyrir augu ber á Vestfjörðum meðan á keppninni stendur. Umsjón. Samúel Örn Erlingsson. Dagskrárgerð. Óskar Þór Nikulásson.
**21.30 Sjónvarpsleikhúsið - Skyttan** Syrpa breskra einþáttunga. Í þessum þætti er fjallað um leyniskyttu sem reynir að halda sönsum í samfélagi sem hefur orðið hundaæði að bráð. Leikstjóri. Matthew Holness. Aðalhlutverk. Douglas Henshall, Kate O'Flynn og John Hurt. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Louis Theroux. Lystarstol**
**23.20 Krónikan**
**00.20 Kveikur**
**00.55 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Volunteers of America Classic** Útsending frá Volunteers of America Classic á LPGA-mótaröðinni.
**11.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**11.50 Volunteers of America Classic**
**14.50 The Open Official Film**
**15.50 Volunteers of America Classic**
**19.20 Golfing World**
**20.10 Volunteers of America Classic**
**23.10 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 Ást**
**14.50 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Good Place**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 The Fix**
**22.35 Beyond**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 The Loudest Voice**
**01.45 The Passage**
**02.30 In the Dark**
**03.15 The Code**
**04.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Arnfríður Guðmundsdóttir**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Birtingur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.00 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25 Tumbledown**
**14.10 Absolutely Anything**
**15.35 The Yellow Handkerchief**
**17.10 Tumbledown**
**18.55 Absolutely Anything**
**20.25 The Yellow Handkerchief**
**22.00 Batman v Superman. Dawn of Jus**
**00.30 Charlie's Angels**
**02.10 Collide**
**03.50 Batman v Superman. Dawn of Jus**

### STÖÐ 2

**07.00 Two and a Half Men**
**07.25 Gilmore Girls**
**08.10 Friends**
**08.35 Ellen**
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Mom**
**10.00 The Last Man on Earth**
**10.25 The Good Doctor**
**11.10 PJ Karsjó**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Lóa Pind. Bara geðveik**
**13.35 I Own Australia's Best Home**
**14.25 The Great British Bake Off**
**15.25 Í eldhúsi Evu** Frábærir þættir í umsjón Evu Laufeyjar þar sem hún fer á stúfana kynnir sér hina ýmsu veitingastaði, kaffihús, bakarí og lærir nýjar aðferðir sem hún vinnur svo með í eldhúsinu heima hjá sér.
**16.00 Jamie's Quick and Easy Food**
**16.35 Born Different**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.30 First Dates**
**20.20 Ísskápastríð**
**20.55 Grey's Anatomy**
**21.40 The Good Doctor**
**22.25 Orange is the New Black**
**23.25 Room 104**
**23.55 Góðir landsmenn**
**00.25 Mr. Mercedes**
**01.30 Alex**
**02.20 Warrior**
**03.05 The Sandhamn Murders**

### STÖÐ 3

**19.15 Two and a Half Men**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Splitting Up Together**
**21.15 Roswell, New Mexico**
**22.00 Shetland**
**23.00 Underground**
**23.45 Réttur**
**00.30 Two and a Half Men**
**00.55 The Big Bang Theory**
**01.15 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**06.45 Dallas Cowboys - Green Bay Packers**
**09.05 Real Valladolid - Atletico Madrid**
**10.45 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**11.15 Fiorentina - Udinese**
**12.55 Torino - Napoli**
**14.35 Dominos Körfuboltakvöld** Leikirnir í Dominos deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**16.15 Fjölnir - Fram** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**17.45 Haukar - Valur** Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**19.30 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**20.00 Haukar - FH** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
**22.00 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.
**23.30 Valur - Snæfell** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

### STÖÐ 2 SPORT 2

**19.05 Valur - Snæfell** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÞVOTTADAGAR

## 15-20% AFSLÁTTUR

AEG

ÞVOTTAVÉL
L7FBE840E
8KG 1400SN
ÍSLENSKT
STJÓRNBORÐ
VERÐ ÁÐUR
109.900,-
VERÐ NÚ
93.415,-

914 913 410

AEG

916 097 952

ÞURRKARI T6DEL821G
8 KG BARKALAUS
VERÐ ÁÐUR 119.900,-
VERÐ NÚ 101.915,-

AEG

916 098 539

ÞURRKARI
T6DIS724G 7
KG BARKALAUS
VERÐ ÁÐUR
109.900,-
VERÐ NÚ
93.415,-

ÞVOTTAVÉLAR
& ÞURRKARAR

MEIRA UM VÖRURNAR Á
ORMSSON.IS

SAMSUNG

SAWW70J5486MW/EE

ÞVOTTAVÉL
7KG 1400SN
VERÐ ÁÐUR 74.900,-
VERÐ NÚ 63.665,-

SAMSUNG

SADV70M5020KW/EE

ÞURRKARI
7KG HVÍT HURÐ
VERÐ ÁÐUR 104.900,-
VERÐ NÚ 89.165,-

SAMSUNG

SAWW12R640UOM/EE

ÞVOTTAVÉL
12 KG 1400SN
VERÐ ÁÐUR 169.900,-
VERÐ NÚ 144.415,-

SAMSUNG

SADV80M52102W/EE

ÞURRKARI
8KG GRÁ HURÐ
VERÐ ÁÐUR 124.900,-
VERÐ NÚ 106.165,-

UPPÞVOTTAVÉLAR

AEG

HT911 544 014

VERÐ ÁÐUR 109.900,-
VERÐ NÚ 93.415,-

AEG

HT911 434 539

VERÐ ÁÐUR 149.900,-
VERÐ NÚ 127.915,-

AEG

HT911 444 415

VERÐ ÁÐUR 139.900,-
VERÐ NÚ 118.915,-

UPPÞVOTTAVÉLAR - ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |




Árni Beck Gunnarsson hefur búið í Danmörku í tuttugu ár þar sem hann unir hag sínum vel í félagsskap myndasöguliðsins og á kafi í myndasögum sem enginn skortur er á þar í landi.




„Bækur mínar höfða til allra og við Árni hlökkum til að kynna Mortensen fyrir Íslendingum," sagði myndasöguhöfundurinn Lars Jakobsen.

# Danskur tímaflakkari tékkar á Íslandi

Tímaflakkarinn Mortensen hefur borið hróður danska teiknimyndasöguhöfundarins Lars Jakobsen víða um lönd en þeir reyna nú fyrir sér á Íslandi í fyrsta sinn með fulltingi íslensks vinar höfundarins, **Árna Beck Gunnarssonar**, sem hefur þýtt bókina um Dularfulla handritið.

Ég kynntist Lars Jakobsen fyrir algera tilviljun haustið sem ég flutti til Danmerkur fyrir tuttugu árum. Þegar ég fór á aðalbókasafnið hérna í Köben var lítil myndasöguhátíð í gangi. Peter Madsen var þarna með Goðheimana og svo Lars með aðra seríu sem hann hefur teiknað lengi og þarna byrjaði ég aðeins að kynnast þessu danska teiknimyndasöguliði," segir Árni Beck Gunnarsson, sem kennir útlendingum dönsku og fæst við myndasöguþýðingar í Danmörku svo eitthvað sé nefnt.

Síðan leið og beið og það var ekki fyrr en fyrir átta árum sem þeir Jakobsen kynntust almennilega þegar Árni fylgdi vini sínum á myndasöguhátíðina Art Bubble sem Jakobsen kom á laggirnar í Danmörku.

**OG SVO ER ALDREI AÐ VITA NEMA MORTENSEN SJÁLFUR EIGI EFTIR AÐ KOMA TIL ÍSLANDS.**

### Byrjað á öfugum enda

„Þannig að þetta byrjaði hægt og rólega og ég er búinn að vera að vinna með Lars í eitthvað á sjöunda ár," segir Árni sem þýddi sína fyrstu myndasögu, Mouse Guard 3: The Black Axe, einmitt í tengslum við Art Bubble.

„Bandaríski höfundurinn David Peterson var að koma á hátíðina en hann er af dönskum ættum og okkur fannst nauðsynlegt að bók eftir hann kæmi út á dönsku. Það voru ekki allir jafn hrifnir af því að þýða úr ensku á dönsku en mér tókst að sannfæra Lars og hann gaf bókina út og hún er uppseld á dönsku hérna."







### Mortensen er æðislegur

Árni segir Jakobsen lengi hafa langað til þess að fá Mortensen þýddan á íslensku og sjálfur hafi hann verið meira en til í verkið. „Mortensen-bækurnar eru alveg æðislegar," segir hann og bætir við að Jakobsen styðjist mikið við raunverulega atburði og aðstæður sem geri bækurnar jafn skemmtilegar og raun ber vitni.

„Síðan er þetta líka ósköp meinlaust, enginn hættulegur hasar eða blótsyrði þannig að þetta er fyrir alla aldurshópa. Hrein og einföld saga."

Bókin Dularfulla handritið er til sölu í Nexus, varnarþingi myndasögufólks og nörda allra gerða á Íslandi, og Árni segir að ef fer sem horfir muni þeir Jakobsen gefa út fleiri bækur um hetjuna á íslensku. „Þetta hefur gengið ansi vel og það gengur á litla upplagið. Við ákváðum að keyra á smá upplag og sjá hvernig það gengur."

Gangi áform þeirra félaga eftir er af nógu að taka þar sem fjórar aðrar bækur hafa komið út um Mortensen og „hann er að vinna í sjöttu bókinni núna og hún á að koma út í Danmörku, Hollandi og Belgíu á næsta ári".

### Ísland er öðruvísi

Ekki þarf því að fjölyrða um vinsældir Mortensens í heimalandinu. „En bókin hefur líka komið út í Bandaríkjunum þaðan sem henni var dreift til Englands og Ástralíu. Hún hefur komið út ansi víða, verið mjög vinsæl og er uppseld á enska markaðnum," segir Árni.

Hvað áhuga Jakobsens á íslenskri þýðingu varðar segist Árni telja að hann hafi fyrst og fremst „bara langað að prófa eitthvað annað" og gerist ögn dularfullur þegar hann bætir við: „Og svo er aldrei að vita nema Mortensen sjálfur eigi eftir að koma til Íslands."

### Danskurinn ekki svo djöfullegur

„Danir seldu okkur kannski maðk-

## Stórsókn úr Goðheimum

Frændur vorir Danir eru frekir til fjörsins á íslenska myndasögumarkaðnum um þessar mundir þar sem auk Mortensens eru gamlir kunningjar að gera sig breiða á ný.

Myndasöguhöfundurinn Peter Madsen var með sögur sínar úr Goðheimum á bókasafninu í Kaupmannahöfn forðum þegar Árni Beck Gunnarsson hafði sín fyrstu kynni af Lars Jakobsen og að honum ólöstuðum kannast líklega mun fleiri Íslendingar við Madsen.




Bækurnar hans úr sagnabálkinum kenndum við Goðheima nutu gríðarlegra vinsælda hér á landi á níunda áratugnum og hjá Forlaginu hefur verið ákveðið að þrumuguðinn Þór fái aftur að sveifla Mjölni yfir hausamótum þursa, Loka hins lævísa og mannsbarnanna Röskvu og Þjálfa sem eru miðpunktur bókanna.

Hólmgangan er níunda bókin í flokknum og kemur nú í fyrsta sinn út á íslensku í þýðingu Bjarna Frímanns Karlssonar. Þá hefur fyrsta bókin, Úlfurinn bundinn í þýðingu Guðna Kolbeinssonar, verið endurútgefin. Ekki síst í tilefni þess að á föstudaginn verður ný kvikmynd byggð á sögum Madsens frumsýnd á Íslandi.




Kvikmyndin Goðheimar er dönsk en fjöldi Íslendinga kemur að framleiðslunni. Netop Films er meðframleiðandi, Margrét Einarsdóttir er búningahönnuður, Kristín Júlía sá um hár og förðun og Salóme Gunnarsdóttir og Lára Jóhanna leika í myndinni sem einnig var að hluta til tekin hér á landi.

Rétt eins og í Úlfurinn bundinn slást víkingabörnin Röskva og Þjálfi í för með Þór og Loka þegar þeir eru á leið heim til Ásgarðs. Þegar Goðheimar eru við það að falla reynir á krakkana sem eru þeirra eina von.
– þþ

að mjöl og hálshjuggu Jón Arason, en þeir kenndu okkur Íslendingum líka að lesa myndasögur,“ segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur sem auk þess að safna myndasögum af ástríðu er hafsjór af fróðleik um fyrirbærið.

„Þá er ég ekki bara að tala um Andrés Önd, heldur kynntumst við fransk/belgíska myndasöguheiminum í gegnum Dani, þar sem íslensku forlögin nýttu möguleika á að fá samprentaðar bækur.“

Stefán segir að þar fyrir utan hafi Danir sjálfir átt marga góða myndasöguhöfunda í gegnum tíðina. „Lars Jakobsen er einn af þeim kunnari í dag. Hans vinsælasta sería eru skrítlur um hóp af hænum á sveitabæ sem birtast vikulega í Familie Journal, sem er auðvitað lykilrit fyrir alla sem vilja fylgjast með skandinavísku kóngafólki!“ segir Stefán sem var Árna innan handar og las þýðinguna yfir.

### Klassísk spennusaga

„En áhugi Jakobsens á myndasögum ristir dýpra. Hann hefur gert sjónvarpsþætti og bækur um sögu þessa listforms og einstaka myndasöguhöfunda. Þetta er því maður sem gjörþekkir formið og maður sér það mjög vel í þessum sögum hans um hetjuna Mortensen sem er mjög „klassísk“ spennusaga um tímaferðalagalöggu,“ segir Stefán og heldur áfram enda kominn á flug:

„Að sumu leyti minna sögurnar hans á það þegar bókmenntafræðingar setjast niður og semja sjálfir skáldsögur. Og geta þá aldrei stillt sig um að planta alls konar vísunum og eru mjög meðvitaðir um sjálft listformið.

En fyrst og fremst er það skemmtilegt að sjá nýlegar erlendar myndasögur koma út í íslenskri þýðingu. Froskur útgáfa hefur sinnt franska málsvæðinu vel, en það er líka gott að gleyma ekki gömlu herraþjóðinni.“



**Stefáni Pálssyni finnst gott að gamla herraþjóðin gleymist ekki alveg í myndasöguút-**

toti@frettabladid.is



# Teiknaði einstaklinga af Instagram

**Melkorka Katrín Tómasdóttir** gengur undir listamannsnafninu Korkimon. Hún bauðst til að teikna fólk á Instagram. Svörin létu ekki á sér standa og hún sýnir um 140 teikningar í listagalleríinu Flæði á Grettisgötu.

Listakonan Melkorka Katrín Tómasdóttir opnar sýninguna Korkimonsters klukkan fimm í dag í Flæði við Grettisgötu. Listakonan, sem alla jafna gengur undir viðurnefninu Korkimon, bauðst til að teikna einstaklinga á samfélagsmiðlinum Instagram.



Hægt er að sjá um 140 teikningar Melkorku af hinum ýmsu persónum á Instagram sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Búddismi og þýska

Melkorka hefur verið sjálfstætt starfandi síðan um áramótin, en hún lærði listsköpun í Sarah Lawrence í New York.

„Ég útskrifaðist þaðan 2017. Ég lærði þar fyrst og fremst myndlist og listfræði en tók á hverri önn þriðja áfanga sem var mjög breytilegur hjá mér. Eina önnina tók ég búddisma í Austur-Asíu, aðra lærði ég um kvikmyndir fjórða áratugarins og svo tók ég þýsku í tvær annir, smá ólíkt,“ segir Melkorka og bætir við að þriðja fagið hafi alltaf náð að smita listsköpunina lítils háttar.

### Skiptinám á Íslandi

Þriðja árið fór Melkorka í skiptinám í Listaháskóla Íslands.

„Ég flutti til New York þegar ég var tólf ára. Ég átti nokkrar æskuvinkonur hér en mig langaði að styrkja tengslaböndin enn frekar við landið því ég vissi að mig langaði að flytja hingað aftur eftir námið.“

Hún segir löngun sína til að taka eitt ár í LHÍ hafa verið litaða af því að hún óttaðist að hún væri að missa af því sem væri í gangi hérna heima.

„Eldri systkini mín voru öll í menntaskóla hérna heima og mig langaði að upplifa það líka,“ segir Melkorka og bætir við: „Í LHÍ kynntist ég mörgu fólki. Mér fannst nauðsynlegt að mynda sterkari tengsl til þess að halda rótum.“




### Vildi mynda tengsl á Íslandi

Melkorka tók fyrsta árið í skólanum hérna, þótt hún hefði í raun mátt fara beint á þriðja árið.

„Mig langaði að fara inn á fyrsta árið. Ég vissi að það yrði aðgengilegast. Ekki bara það að fólkið á þriðja ári sé búið að mynda sín tengsl heldur kunna þau mun betur á skólann og vita hvað þau eru að gera.“

Eftir heimflutninga starfaði Melkorka sem listrænn markaðsstjóri fyrir Boxið, netverslun með heimsendingu fyrir heimilisvörur og mat.

**MÉR FANNST GAMAN AÐ GLEÐJA AÐRA MEÐ MYNDUNUM MÍNUM. Í KJÖLFARIÐ SPURÐU FLEIRI HVORT ÉG VÆRI TIL Í AÐ TEIKNA ÞÁ.**

„Þar sá ég um auglýsingar og samfélagsmiðla. Ég var líka alltaf að sinna listinni á sama tíma. En svo hætti ég um þar síðustu áramót og fór í vinnusmiðju á Seyðisfirði í tvo mánuði, sem var alveg frábært. Í kjölfarið langaði mig að láta á það reyna að sinna listinni alfarið. Það getur verið mjög erfitt, maður þarf að setja sjálfum sér ströng mörk til að halda sér við efnið og sækjast sjálfur eftir tækifærunum,“ segir hún.

### Hundrað verkefni á fimm dögum

Hún segist oft hafa gleymt sér og að sama skapi hafi hún einangrað sig mikið inn á milli.

„Svo langaði mig aðeins að komast út úr minni rútínu hér og fór til London í einn og hálfan mánuð á námskeið í Central Saint Martins listaháskólanum. Þar fór ég á námskeið þar sem ég átti að gera hundrað verkefni á fimm dögum. Því er ætlað að endurræsa hugmyndaflugið og ferlið að skapandi hugsun.“

**EITT AF ÞESSUM VERKEFNUM VAR AÐ SKAPA TÍU KARAKTERA FYRIR TEIKNIMYNDASÖGU FYRIR ÁKVEÐIÐ SÖGUSVIÐ. ÉG VALDI INSTAGRAM OG FANN ÞAR TÍU TÝPUR SEM MÉR ÞÓTTI ÁHUGAVERÐAR OG TEIKNAÐI ÞÆR.**

Hún segir að hlutirnir hafi þurft að gerast hratt, og stundum voru einungis tíu til fimmtán mínútur fyrir hvert verkefni.

„Maður hafði ekki tíma til að hugsa, maður þurfti bara að byrja. Eitt af verkefnunum var að skapa tíu karaktera fyrir teiknimyndasögu fyrir ákveðið sögusvið. Ég valdi Instagram og fann þar tíu týpur sem mér þótti áhugaverðar og teiknaði þær, ásamt því að gera persónulýsingu.“

### Góð viðbrögð glöddu

Melkorka sendi svo myndirnar sem hún teiknaði til fyrirmyndanna og hún segir að það hafi glatt hana mikið hver góð viðbrögð hún fékk.

„Mér fannst gaman að gleðja aðra með myndunum mínum. Í kjölfarið spurðu fleiri hvort ég væri til í að teikna þá. Mig langaði líka að halda því í gangi að vera komin á skrið. Ég setti inn færslu á Instagram, án þess að hugsa of mikið um það, þar sem ég bauðst til að gera myndir af þeim sem sendu mér beiðni,“ segir Melkorka.

Hana langaði að sjá hvort það væri einhver eftirspurn en viðtökurnar komu henni að óvart.

„Ég bjóst við að nokkrir einstaklingar myndu kannski hafa samband. Ég setti stopp á þetta þegar það voru 140 manns búnir að biðja um mynd. Ég er búin með 136 teikningar.“

Enn er fólk að biðja hana um myndir og Melkorku finnst erfitt að segja nei.

„Mér finnst svo mikið hrós að fólk vilji að ég teikni það.“

Sýning Melkorku stendur yfir í dag og á morgun. Opnunin er klukkan fimm í Flæði á Grettisgötu 3 í dag.

steingerdur@frettabladid.is



# BLESS HROTUR!

**Koddinn sem er sérstaklega hannaður til að draga úr hrotum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hrotur geti minnkað um 50%!**

**Hágæða efni**
Ysta lagið er úr blöndu af bómull og pólýester sem er mjög mjúk og andar vel.

**Sérstakur S-laga svampur í miðju**
Heldur höfði og hálsi í réttri stellingu til að opna öndunarveginn betur og auðveldar þannig öndun.

**Holtrefja fylling**
Mjúk en veitir um leið góðan stuðning. Hentar vel hvort sem þú sefur á bakinu eða hliðinni.





HEIMKAUP.IS

Kally Sleep®
your sleep expert

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Davíðs Þorlákssonar



## Skuldaraskattur

Árið 2010 var sérstakur skattur lagður á fjármálafyrirtæki m.a. til að afla ríkinu tekna til að vega upp á móti tapi þess vegna fjármálahrunsins. Hinir nýstofnuðu bankar áttu að greiða fyrir tjónið sem þeir sem fóru í þrot ollu, eins sérstakt og það nú er. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Bankaskatturinn er lagður á skuldir bankanna sem gerir það að verkum að fjármagnskostnaður þeirra hækkar sem eykur kostnað þeirra við lánveitingar. Sá kostnaður endar óhjákvæmilega hjá lántakendum bankanna; heimilum og fyrirtækjum.

Bankarnir eru í harðri samkeppni um húsnæðislán við lífeyrissjóðina, sem þurfa ekki að greiða bankaskatt og geta leyft sér að gera strangar kröfur. Stærri fyrirtæki eiga kost á að fjármagna sig með útgáfu skuldabréfa, sem bera ekki bankaskatt, og hjá lánveitendum erlendis. Bankaskattar eru mun hærri á Íslandi en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þetta er því ójafn leikur.

Það eru því fyrst og fremst heimili og lítil og meðalstór fyrirtæki sem á endanum borga bankaskattinn. Áætlað hefur verið að sérskattar á banka jafngildi um 0,5-0,55% aukaálagi á vexti. Það þýðir að heimili sem skuldar 30 milljónir króna gæti verið að greiða um 150 þúsund krónur í bankaskatt á ári. Á sama tíma eru aðilar vinnumarkaðarins að reyna að lækka vexti með Lífskjarasamningnum.

Nú liggur fyrir frumvarp frá ríkisstjórninni þar sem bankaskatturinn er lækkaður lítillega á löngum tíma. Það er spurning hvort ekki væri réttara að breyta nafni skattsins á meðan og kalla hann sínu rétta nafni: Skuldaraskattinn.








